

# MOSFELLINGUR

13. tbl. 8. árg. föstudagur 23. október 2009. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



Viljayfirlýsing um einkasjúkrahús og hótél á Tungumelum

## Allt að 50% fjölgun starfa í Mosfellsbæ

Mosfellsbær, PrimaCare og Ístak hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um að einkasjúkrahús og hótél muni rísa við Köldukvíslargljúfur austast á Tungumelum. Sjúkrahúsið mun sérhæfa sig í mjaðmaliða- og hnjáaðgerðum fyrir útlendinga. Um er að ræða allt að 20-30 þúsund fermetra byggingar en það er jafn stórt og tónlistarhúsið sem verið er að byggja í miðbæ Reykjavíkur. Myndin til hliðar er tekin að lokinni undirskrift, Kolbeinn Kolbeinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Ístaks, Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri PrimaCare, Sigríður Þorsteinsdóttir, stjórnarformaður PrimaCare, og Haraldur Sverrisson, bærarstjóri Mosfellsbæjar. >>4

Mynd/Hilmar


### EIGN VIKUNNAR

#### Laxatunga - Allt að 90% lán



Falleg 182,1 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbúin, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð og gestasalerni er fullfrágengið með innréttingu. Falleg hús á mjög góðu verði. Áhv. eru ca. 20,5 millj. kr. ÍLS lán. Möguleiki á allt að 90% fjármögnun. **Verð kr. 34,9 m. Fullbúinn sýningaríbúð verð kr.38,7 m.**

Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · S. 586 8080  
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali · www.fastmos.is



100% Speltbraud

MOSFELLSBÆKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI  
*Jóns B. ehf*

Flugumýri 2, Mosfellsbæ  
Símar: 566 7660 og 697 7685  
jonrett@internet.is

Ný  
**CABAS**  
tjónaskoðun



Vottað  
verkstæði

Þjónustuverkstæði  
útvægum bílaleigubíla



**Útgefandi:** Mosfellingur ehf.  
Skeljatanga 39, sími: 694-6426  
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**  
Hilmar Gunnarsson  
**Blaðamaður:** Ruth Örnólfsdóttir  
ruth@mosfellingur.is  
**Prentun:** Oddi **Upplag:** 4000 eintök  
**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur  
**Próförk:** Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið  
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær  
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að  
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

**Næsta blað kemur út 13. nóv.**

## Skipulagið í Mosfellsbæ

Skipulagsþing fór fram í Lágafellsskóla um síðustu helgi. Fáir mættu á þingið og veur það óneitanlega upp spurningar.

Hefur fólk ekki áhuga á skipulagi bæjarins? Treystir fólk kjörnum fulltrúum til að standa sína plikt? Eru allir sáttir við skipulagið í bæjarfélaginu?



Af þeim sem mættu má telja á annarri hendi þá aðila sem ekki eru pólitískt tengdir eða starfa hjá

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

bænum. Hinn almenni íbúi lét því ekki sjá sig. Þingið var hinsvegar vel skipulagt og vel að því staðið.

Til hamingju Mosfellsbær. PrimaCare valdi Mosfellsbær undir nýtt sjúkrahús og hótél hér á landi en PrimaCare er íslenskt fyrirtæki. Sjúkrahúsið verður staðsett við Köldukvíslargljúfur austast á Tungumelum. Verkefnið er gríðarlega stórt og munu hátt í 1000 störf skapast hér á næstu árum. Óneitanlega gríðarleg lyftistöng fyrir allt atvinnulíf í Mosfellsbæ sem og á landinu öllu. Þetta er það besta sem ég hef heyrt frá því kreppan skall á.



Á stríðsárunum tók hernámsliðið hluta Brúarlands til sinna nota og reisti braggahverfi í grennd.

## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Farskóli var áfram í sveitinni fyrstu árin eftir að byrjað var að kenna í Brúarlandi og ekki kennt þar nema hluta hvers vetrar. Einnig starfaði farskólinn á Mosfelli og í Laxnesi. Haustið 1925 var ákveðið á hreppsfundum að fá farskólanum breytt í fastan skóla. Var sú breyting samþykkt af fræðsluyfirvöldum og varð Brúarland þá eini skólastaður sveitarinnar. Árið 1929 var ráðist í að fullgera Brúarlandshúsið og lauk því verki um áramótin 1929-30 og kennsla hófst 7. janúar 1930. Nú kvað við annan tón í vísnaverð og Kjalnesingum svarað:

Á Brúarlandi byggð er höll barnaskóli fríður.

Það ætti að flytja hann upp á fjöll svo allur sjái hann lýður.

Heimild: Skólablaðið Askur, Lárus Halldórsson.  
Texti: Birgir D. Sveinsson



**HÉÐAN OG ÞAÐAN**



## Mosfellingur á netinu



www.mosfellingur.is

Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

# Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: **586 8080**  
[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



## Stórikriki – Einbýli

Fallegt 262,1 fm einbýlishús í byggingu á tveimur pöllum með innbyggðum bílskúr við Stórikrika 12 í Mosfellsbæ. Húsið er einingarhús frá Loftorku og er rúmlega fókelt í dag.  
**V. 39,7 m.**



## Esjugrund - Einbýlishús

178,4 m<sup>2</sup> einbýlishús með bílskúr á fallegri sjávarlóð við Esjugrund á Kjalarnesi. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Verönd og góður garður í suðvestur með gríðarmiklu útsýni yfir Faxaflóann og til Reykjavíkur.  
**V. 32,5 m.**



## Helgaland - Einbýlishús

Mjög fallegt 307,4 fm einbýlishús á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr við Helgaland í Mosfellsbæ. Húsið stendur á 1.250 fm lóð. Á efri hæðinni er forstofa, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofa, borðstofa, baðherbergi og fjögur svefnherbergi. Á neðri hæðinni er baðherbergi og tvö stór herbergi.  
**V. 68,9 m.**



## Bjargartangi - Einbýlishús

Fallegt 175,5 m<sup>2</sup> einbýlishús með bílskúr, við Bjargartanga í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, stofu, setustofu (hægt að breyta í herbergi) baðherbergi, gestasalerni, hjónaherbergi, tvö barnaherbergi, eldhús, sjónvarpsherbergi (sem getur nýst sem svefnherbergi) þvottahús og bílskúr með geymsluherbergi. Timburverönd og garður í suðvestur.  
**V. 43,8 m.**



## Lindarbyggð - Parhús

Vel skipulagt 177,1 m<sup>2</sup> parhús með bílskúr við Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, borðstofu, stóra stofu m/sólstofu, eldhús, þvottahús, sjónvarpshol, 3 barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi með kari. Búið er að loka bílskúr og innrétta herbergi. **Lækkað verð!**

**V. 35,9 m.**



## Súluhöfði - Sérhæð m/aukaíbúð

Falleg 197,4 fm efri sérhæð með bílskúr og 62,7 fm auka íbúð í kjallara í tvíbýlishúsi við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Hæðin skiptist í forstofu, hol, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofu, borðstofu og 37,5 fm bílskúr. Íbúðin á neðri hæð skiptist í opið rými með eldhúsi og rúmgóðri stofu, forstofu, baðherbergi, svefnherbergi og geymslu. **Lækkað verð! V. 48,9 m.**



## Arnarhöfði - Endaraðhús

Mjög fallegt 156,1 m<sup>2</sup> endaraðhús á 2 hæðum með bílskúr við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Falleg aðkoma er að húsinu, stórt bílplán fyrir framan húsið er hellulagt og garðurinn gróinn með fallegri timburverönd. Stutt er í leikskóla, grunnskóla, sund og á golfvöll Mosfellsbæjar.  
**V. 46,0 m.**



## Buðútangri - Raðhús

Vel staðsett tvílyft 201,6 m<sup>2</sup> raðhús með bílskúr. Á efri hæðinni eru stórar stofur, nýstandsett eldhús, baðherbergi, búr og baðherbergi. Í kjallara er sjónvarpshol, tvö herbergi, geymsla, þvottahús, snyrting og bílskúr. Garðurinn er til suðurs með verönd. **Seljandi skoðar skipti á minni eign. Lækkað verð!**  
**V. 35,9 m.**



## Spóahöfði - Raðhús

Glæsilegt 175,1 m<sup>2</sup> raðhús með bílskúr við Spóahöfða í Mosfellsbæ. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi. Þetta er falleg eign í góðu hverfi á vinsælum stað í Mosfellsbæ.  
**V. 42,9 m.**



## Þrastarhöfði - 4ra herbergja

Falleg 116,1 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli með fallegu útsýni við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús, baðherbergi, þrjú svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sér geymsla í kjallara.  
**V. 26,9 m.**



## Urðarholt - 3ja herbergja

Falleg 91 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð í 3ja hæða fjölbýli við Urðarholt í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í stofu, borðstofu, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/baðkari, svefnherbergi og hjónaherbergi. Svalir í suðvestur og mjög fallegt útsýni að Esjunni í norðausturátt. **Eignin er laus til afhendingar!**  
**V. 19,9 m.**



## Blikahöfði - 3ja m/bílskúr

Falleg 84,6 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt 29,2 m<sup>2</sup> bílskúr við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Þetta er skemmtileg og fallega innréttað íbúð á besta stað, rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og World Class - golfvöllur og gönguleiðir rétt við húsið.  
**V. 23,9 m.**



## Blesabakki - Hesthús

82,4 m<sup>2</sup>, 11 hesta hesthús í 3 eininga hesthúsi við Blesabakka 4 í Mosfellsbæ. Um er ræða 70,4 m<sup>2</sup> endabil, ásamt 12 m<sup>2</sup> hlöðu í 3 eininga hesthúsi – húsið er mikið endurnýjað að innan. 5 rúmgóðar 2ja hesta stúur og ein eins hesta. Kaffistofa, hlaða og stórt gerði.  
**V. 13,9 m.**



## Mosfellsbær prófar vistvæna bíla

Mosfellsbær hefur fengið að láni tvo Prius tvinnbíla frá Toyota til reynsluaksturs fyrir starfsfólk bæjarskrifstofunnar og áhaldahús bæjarins. Tilgangurinn er að kynna kosti umhverfisvænna bíla fyrir starfsfólki, sem gefst kostur á að nýta sér þessa bíla til vinnutengdra ferða. Tvinnbílur geta eytt um helmingi minna eldsneyti en sambærilegar bílar með því að nýta rafmagn sem þeir framleiða sjálfir við akstur og minnka við það útblástursmengun töluvert.



## Innbrotum fjölga í Mosfellsbæ

Innbrotum í Mosfellsbæ hefur fjölgað til muna að sögn Árna Sigmundssonar stöðvarstjóra á Völuteigi. „Við hvetjum fólk einfaldlega til að huga vel að eignum sínum og þá sérstaklega því sem liggur vel við höggi. Mikil hefur borið á stuldi á bílkerrum og fellihýsum. Einnig er mikilvægt að nágrannar komi sér saman um að fylgjast með hvorum öðrum og hjálpast að. Það hefur mikið að segja og hefur skilað góðum árangri. Tíu manna rannsóknardeild er nú staðsett á Völuteigi en almenn löggæsla (sólarhringsvaktir -útköll) er gerð út frá Krókhálsi. Fyrirspurnum og upplýsingum til lögreglu er hægt að koma á framfæri í síma 444-1180 og neyðarnúmerið er sem fyrr 112.

## KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Hér má sjá væntanlega staðsetningu sjúkrahúss og hótels við Köldukvíslar-gljúfur austast í Tungumelum.

Milljarðaverkefni í undirbúningi - Hátt í 1000 ný störf verða til í Mosfellsbæ

# PrimaCare reisir sjúkrahús og hótél á Tungumelum

Allt að 1000 ný störf munu verða til í Mosfellsbæ verði áform forsvarsmanna fyrirtækisins PrimaCare ehf um byggingu einkasjúkrahúss og hótels að veruleika. Það er um 50% fjölgun starfa því í dag eru um 2.000 störf í Mosfellsbæ. Stærsti vinnuveitandi Mosfellsbæjar er sveitarfélagið sjálft en hjá því starfa hátt í 500 manns, flestir þeirra við grunnskóla. Til samburðar má nefna að annar stærsti atvinnurekandinn er Reykjalundur með um 230 starfsmenn.

### 13-20 milljarða verkefni

Gert er ráð fyrir að verkefnið kosti 13-20 milljarða króna en fjármögnun þess er í höndum svissnesks fjármögnunarfyrirtækis, Oppenheimer Investments AG. Forsvarsmenn Oppenheimer eru vongóðir um að þeim muni takast að afla fjár til verksins fyrir apríllok og er gert ráð fyrir að fyrsta skóflustunga byggingarinnar verði tekin fljótlega í framhaldi af því.

Ístak og fleiri fjársterkir aðilar í Mosfellsbæ sem er annt um hag sveitarfélagsins standa að fjármögn-

un verkefnisins þar til það verður tilbúið í lánsfjársöfnun.

### Einstakt umhverfi í Mosfellsbæ

„Við gerum okkur að sjálfsgöðu vonir um að hluti starfsfólksins kjósi að setjast að hér í okkar góða bæjarfélagi með öllum þeim kostum sem því fylgja,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri PrimaCare segist afskaplega ánægður með að sjúkrahúsinu hafi verið valinn staður í Mosfellsbæ. „Einstakt umhverfi og metnaðarfull stefna Mosfellsbæjar í umhverfismálum var meðal þess sem átti mikinn þátt í valinu. Auk þess hefur Mosfellsbær sett stefnu á að vera leiðandi á sviði heilsueflingar, endurhæfingar og lýðheilsu sem er góður jarðvegur fyrir verkefni okkar,“ segir Gunnar.

Heilsufélag Mosfellsbæjar verður stofnað í því skyni að byggja upp og efla til muna umsvif á sviði heilsueflingar, lýðheilsu og endurhæfingar í Mosfellsbæ og að skapa Mosfellsbæ sterka ímynd á þessum sviðum.



Frá undirritun viljayfirlýsingarinnar milli Mosfellsbæjar, PrimaCare og Ístaks.

### 10.000 ferðamenn á ári

Markmiðið er að setja á fót spítala sem sérhæfir sig í mjaðmalíða- og hnjáaðgerðum. Stærsti hluti sjúklinganna mun að öllum líkindum koma frá Bandaríkjunum.

Gert er ráð fyrir að starfsemin geti skilað allt að 10.000 ferðamönnum hingað til lands á ári hverju og yfir 10 milljörðum í gjaldeyristekjur. Gert er ráð fyrir 200 herbergja hóteli, veitingastöðum og annarri afþreyingu í byggingaklasanum.

Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að fyrstu sjúklingarnir verði komi til aðgerða í árslok 2011.

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á [www.mos.is/primacare](http://www.mos.is/primacare)

## Helgihald næstu sunnudaga

### 25. október

kl. 11 Mosfellskirkja

### 1. nóvember

kl. 11 Lágafellskirkja

### 8. nóvember

kl. 11 Lágafellskirkja

Sunnudagaskólinn er á sunnudögum kl. 13 í Lágafellskirkju

### Gleðigjafarnir TTT

#### - Tíu til Tólf ára starf

T.T.T. er félagsskapur fyrir öll tíu til tólf ára börn sem langar til að eiga skemmtilegan vetur saman. T.T.T. fundirnir verða á mánudögum í Safnaðarheimili Lágafellssóknar kl. 16:30.

Þar munum við skemmta okkur við margs konar verkefni.

www.lagafellskirkja.is



Allar nánari upplýsingar um helgihald og safnaðarstarfið er hægt að nálgast á heimsíðu sóknarinnar: [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)



# SNERTIL AUS ÞVOTTASTÖÐ Í HÁHOLTI MOSFELLSBÆ

Þjóðum Mosfellinga velkomna í nýja glæsilega snertilausa þvottastöð í Háholti Mosfellsbæ.

Það allra besta í bílaþvotti í heiminum í dag.

Á þvottastöðinni eru áfram 4 þvottastæði fyrir sjálfsafgreiðslu, kraftmiklar ryksugur, teppahreinsivél, ilmgjafavél og seðlaskiptir.

Opið allan sólarhringinn allt árið!



miðstöð bílaunnenda  
sími 544 4540 | [www.lodur.is](http://www.lodur.is)



Frábær vefur þar sem þú getur hannað þínar merkingar heimal

# merkt.is

## Hannaðu

### þitt

# eigið

Faxafeni 12

557-1960

[merkt@merkt.is](mailto:merkt@merkt.is)



Opið 10-18 virka daga

Lokað laugardaga  
og sunnudaga

Hlín Blómahús hefur verið starfrækt í Mosfellsbæ í rúmlega í 16 ár

# Blómahúsið flyst í sveitasæluna á Sveinsstöðum

Hjónin Hlín Eyrún Sveinsdóttir og Sigbór Hólm Þórarinnsson hafa rekið Hlín Blómahús í Mosfellsbæ í rúmlega 16 ár. Nú hafa þau ákveðið að hætta rekstri búðarinnar í Háholti og flytja fyrirtækið að heimili þeirra að Sveinsstöðum. Sveinsstaðir var heimili ömmu og afa Sigbórs og stendur við Álafossveg efst í Reykjalundarbreykkunni ofan Álafosskvosar. „Hér höfum við búið í rúmlega ár og unum okkur vel í sveitasælunni,“ segir Hlín. Þau flytja nú blómabúðina á heimili sitt. „Þetta er æðislegt upphaf, hér veitum við áfram okkar persónulegu þjónustu og úrvalið verður fjölbreytt.“

## Skemmtilegur tími framundan

„Við höfum fengið virkilega góð viðbrögð við þessum breytingum. Við opnuðum fyrst blómabúð í Háholti 18 árið 1993 og fluttum síðan yfir götuna í húsnæðið við hlið Krónunnar fyrir þremur árum. Þar höfum við ekki þrífist nógu vel síðustu árin auk þess sem ástandið í þjóðfélaginu hefur breyst mikið. Nafnið vorum við heldur ekki tilbúin að selja á einhverri brunautsölu.“

Við höfum því ákveðið að opna litla verslun auk verkstæðis í gróðurhúsinu hér á Sveinsstöðum og erum mjög sátt við þá ákvörðun. Nú fer í hönd skemmtilegur tími í jólaundirbúningi og efumst við ekki um að viðskiptavinir okkar eigi eftir að njóta þess með okkur.“



Hlín og Sigbór í hlaðinu á Sveinsstöðum en þangað flytja þau nú blómabúðina.

## Áhersla á íslenskt

„Við höfum alltaf lagt mikla áherslu í íslenskan efnivið og til að mynda kaupum við allar okkar rósir frá Dalsgarði. Við stefnum einnig að samstarfi við Hraunhús sem staðsett er hér í grenndinni. Þannig að við hlökkum mikið til að takast á við þetta nýja tækifæri og bjóðum viðskiptavinum okkar velkomna.“ Opið verður alla daga frá kl. 14-18 en nú stendur yfir rýmingarsala á þeim vörum sem eftir eru í Háholtinu. Hlín Blómahús opnar svo á nýjum stað 14. nóvember.



Gróðurhúsið á Sveinsstöðum nýttist nú meðal annars til námskeiðahalds.



## Foreldrarölt hefur jákvæð áhrif


Sjálfbóðaliðar Kjósarsýsludeildar Rauða krossins hafa aðstoðað foreldra í Varmárskóla og Lágafellsskóla við foreldrarölt um árabíl. Tilgangur með röltinu er að varna því að unglingar lendi í vanda og koma í veg fyrir hópamyndir eftir lögbundinn útivistartíma. Reynslan hefur sýnt að nálægð fullorðinna hefur róandi og fyrirbyggjandi áhrif. Yfirleitt leysast unglinga-hóparnir upp og minni líkur eru að vímuefnasölumenn geri vart við sig. Röltið fer fram á föstudags- og laugardagskvöldum. Komandi er saman í Sjálfbóðamiðstöðinni Þverholti 7, kl. 22 bæði kvöldin og rölt eftir stutt spjall og kaffisopa.



## Aðkoma foreldra að skólastarfi

Miðvikudaginn 28. október kl. 20-21 verður fyrsta opna hús vetrarins á vegum Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar. Að þessu sinni verður fjallað um tilgang og markmið skólaráða og foreldraráða leik- og grunnskóla samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla. Foreldrar í Krikaskóla efna til samræðu við gesti um aðkomu foreldra að skólastarfi í Mosfellsbæ. Fyrirlesturinn er haldinn í Listasal Mosfellsbæjar og er öllum opin, aðgangur ókeypis.

## ELDRI BORGARAR



### Safnasvæðið á Akranesi!

Farið verður á Safnasvæðið á Akranesi, mánudaginn 2. nóvember, lagt af stað frá Eirhömrum/Hlaðhömrum kl. 13.

Verð: Akstur, aðgangur á safn og kaffihlaðborð kr. 3.000. Skráning á skrifstofu félagsstarfsins og í síma 5868014 kl. 13-16 og 6920814.

Bókband er á þriðjudögum kl. 13

Tréskurður er á fimmtudögum kl. 12.30

Leikfimi er á fimmtudögum kl. 11.15

Línudans er á þriðjudögum kl. 17

Öll þessi námskeið eru á Hlaðhömrum.

Upplýsingar og skráning á skrifstofu félagsstarfs.

Hinn árlegi sýningar- og basardagur verður laugardaginn 21. nóvember í Listasal bókasafnsins. *Nánar auglýst síðar.*

# TILBOÐ



**FJÖLDI  
TITLA  
Í BOÐI**

**EIN NÝ DVD + TVÆR GAMLAR = 450 KR**

# BÓNUSVÍDEÓ

Tilboðið gildir aðeins í Bónusvídeó Mosfellsbæ

# Óktóber Hausttilboð



## Thai Express

Kjarnanum Mosfellsbæ

Sími 552 6666

thaiexpress@thaiexpress.is

**4 rétta  
matseðill  
2890 kr.  
fyrir 2**

**PANANG** kjúklingur  
**HOISIN** nautakjöt  
**NÚÐLUR**  
**RÆKJUR**

**5 rétta  
matseðill  
3790 kr.  
fyrir 2**

**MASSAMAN** kjúklingur  
**PANANG** svínakjöt  
**NÚÐLUR**  
**RÆKJUR**  
**VORRÚLLUR**

...og fyrir þá sem  
borða á staðnum í október :  
**KAFFI & SÚKKULAÐI-  
HÚÐAÐIR ÁVEXTIR Í  
EFTIRRÉTT...**


opið  
virka daga 12:00 - 21:00  
Laugardaga 12:00 - 21:00  
Sunnudaga 17:00 - 21:00

Skoðið matseðilinn á  
[www.thaiexpress.is](http://www.thaiexpress.is)

Við getum matreitt eftir  
"DANSKA KURNUM"  
**120 - 170 gr. kjöt  
& 300gr. grænmeti**



**Thai Express** leggur áherslu á  
að allt hráefni, þ.e. fiskur, kjöt, krydd  
og grænmeti, sé ferskt og eldað við  
afar háan hita í stuttan tíma  
— það tryggir ferskleika og bragðgæði.  
**Thai Express notar hvorki MSG né sterkjúr**



[www.thaiexpress.is](http://www.thaiexpress.is)





## Sjálfstæðismenn undirbúa prófkjör

Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Mosfellsbæ hefur ákveðið að efna til prófkjörs fyrir sveitarstjórnakosningarnar sem fram fara í maí. Gert er ráð fyrir því að prófkjörið fari fram í lok janúar en skipa á kjörnefnd sem tekur endanlega ákvörðun um dagsetningu og fyrirkomulag prófkjörs. Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, hefur lýst því yfir að hann gefi kost á sér í 1. sæti listans. Jafnframt hafa bæjarfulltrúarnir, Herdís Sigurjónsdóttir og Hafsteinn Pálsson sem og nokkrir varabæjarfulltrúar lýst því yfir að þau muni gefa kost á sér til áframhaldandi setu.



## Barnið komið heim

Mosfellsbær í samstarfi við ÓB-ráðgjöf stendur fyrir námskeiðinu „Barnið komið heim“ fyrir væntanlega foreldra og foreldra barna allt að þriggja ára. Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu foreldra á þörfum barna og stuðla að auknum hæfileikum þeirra til að takast á við breytingar samfara tilkomu barns. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að efla nánd og vinatengsl foreldra, auðvelda þeim að vera samstillt í uppeldishlutverkinu og stjórna ágreiningu sín í milli. Næsta námskeið hefst mánudaginn 26. október. Skráning og nánari upplýsingar á [www.barnidkomiðheim.net](http://www.barnidkomiðheim.net)



## Skipulagsþing fór fram á dögnum í ljósi endurskoðunar aðalskipulags Lágrest byggð og tengsl við náttúru

Mosfellsbær hélt skipulagsþing síðastliðinn laugardag þar sem um 40 Mosfellingar fjölluðu um skipulagsmál í Mosfellsbæ í ljósi endurskoðunar aðalskipulags sem nú stendur yfir. Markmiðið með þinginu var að stuðla að lifandi umræðu um skipulagsmál í Mosfellsbæ og framtíð bæjarins.

Bryndís Haraldsdóttir, formaður skipulags- og byggingarnefndar, var mjög ánægð með hvernig til tókst með skipulagsþingið. „Bæjarbúar voru almennt jákvæðir í garð skipulagsmála í Mosfellsbæ og ljóst að við erum á réttri leið. Hvað varðar niðurstöðu úr þinginu er ljóst að Mosfellingar virðast vilja halda í lág-

reista byggð þar sem tengslum við náttúru er gert hátt undir höfði.“

### Styrkja sérstöðu bæjarins

Unnið var í hópum þar sem þátttakendur skilgreindu meðal annars þau atriði sem þeim þótti veigamest í skipulagsmálum á næstu áratugum. Umræður voru almennt jákvæðar og þátttakendur voru sammála um að áherslu bæri að leggja á græna ásýnd bæjarins og hlúa að útivistarsvæðum. Styrkja ætti ennfremur sérstöðu bæjarins hvað varðar nálægð við náttúru og útivistarsvæði og að hér innan bæjarmarkanna væri jafnt þéttbýli sem sveit þar sem landbúnaður er stundaður.



Stjórnendur skipulagsþingsins Sævar Kristinnsson og Bryndís Haraldsdóttir.

## Átak gegn lyktarmengun í Mosfellsbæ

# Markmiðið að aldrei finnist lykt frá Sorpu

Frá því í vor hefur Mosfellsbær unnið markvisst að því í samvinnu við Sorpu að draga úr hættu á lyktarmengun vegna starfsemi á Álfsnesi. Gripið hefur verið til fjölda úrræða sem skilað hafa ágætum árangri en endanlegt markmið er að íbúar Mosfellsbæjar verði aldrei varir við lyktarmengun frá starfsemi Sorpu að Álfsnesi.

Að sögn Tómasar G. Gíslasonar, umhverfisstjóra Mosfellsbæjar, hefur sveitarfélagið lagt á það áherslu við forsvarsmenn Sorpu að urðun lyktarmikils úrgangs verði flutt sem fjarst bænum og að fyrirtekið grípi til allra mögulegra aðgerða til að draga úr lyktarmengun.

### Álfsnes verði ekki urðunarstaður um ókomna tíð

Þegar svæðisáætlun sveitarfélaga á Suð-Vesturlandi um meðhöndlun úrgangs var samþykkt í sumar samþykkti bæjarráð hana með fyrirvara. Í bókun bæjarráðs kemur fram að Mosfellsbær telur nauðsynlegt þótt lítið sé á áframhaldandi starfsemi urðunarstaðarins í Álfsnesi sem mögulegan kost í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs þá verði jafnframt leitað að nýju framtíðarsvæði fyrir urðun úrgangs, þar sem áhrif á byggð í þéttbýli er minni. „Álfsnes verði ekki urðunarstaður höfuðborgarsvæðisins um ókomna framtíð.“

### Betur má ef duga skal

„Ástandið er engan vegin orðið ásættanlegt hér í Leirvogstungu en þó virðist hafa náðst einhver árangur. Lyktin lá hér yfir síðast í gær þannig að betur má ef duga skal,“ segir Þröstur Sigurðsson formaður íbúasamtaka



Leirvogstungu. Sett hefur verið upp heimasíða vegna samskipta Sorpu og íbúa í Mosfellsbæ á vef Sorpu þar sem senda má inn ábendingar og kvartanir.

### Sorpa hefur gripið til ýmissa aðgerða

Meðal aðgerða sem Sorpa hefur gripið til:

- Moltugerðarmúgungur er ekki snúid þegar hætta er á að lykt berist til nærliggjandi bústaða.
- Gerð er krafa um að sá takmarkaði sláturúrgangur sem berst í Álfsnes sé allur í stórsekkjum og því hægt að meðhöndla eins og bagga og til að lágmarka hugsanlega lyktarmengun.
- Allur baggaður úrgangur sem berst yfir sumartímann er nú úðaður með ensími sem dregur úr lykt.
- Nýlega var byrjað að úða sjó yfir hauga.
- Sett var krafa á úrgang frá skólphreinsistöðvum á svæðinu um að allur úrgangur þaðan sé úðaður með sérstöku lyktareyðandi ensími áður en hann berst.
- Samtímamælingar á veðri fara fram í Álfsnesi (vindátt, vindstyrkur, hitastig, ofankoma) að auki sem starfsmenn fara reglulega á fjóra fyrirfram ákveðna staði í nágrenni við urðunarstaðinn og skrásetja.
- Veðurfarsmælingarverkefni í samstarfi við Harald Ólafsson á Veðurstofu Íslands og Háskóla Íslands. Annars vegar eru tekin saman veðurgögn á svæðinu og gert almennt veðurfarslíkan út frá fimm „dæmigerðum“ tilvikum og skráðar lyktaruppsprettur.

**MOSFELLINGUR**  
**HVAÐ ER**  
**AÐ FRÉTTA?**

SENDU OKKUR LÍNU...

[mوسفellingur@mوسفellingur.is](mailto:mوسفellingur@mوسفellingur.is)

Ljós  
myndastofa  
myndó.is



Barnamyndatökur  
á tilboðsverði í nóvember  
Sími: 898 1795

*Trio Vadim Fyodorov*

*Papillons Noirs*



Tónlistarfélag Mosfellsbæjar kynnir:

Trío Vadim Fyodorov  
Sunnudaginn 25. okt. kl.16:00  
í Bókasafni Mosfellsbæjar

Almennt miðaverð: 1500 kr  
Eldri borgarar og skólafólk: 500 kr

Nýr geisladiskur  
*Papillons Noirs*  
kominn í verslanir.

Vadim Fyodorov: Harmonika  
Leifur Gunnarsson: Kontrabassi  
Gunnar Hilmarsson: Gitar

# Vetrargleði Hundaheims



**Hundaheimur.is**

Opið laugardaginn 24.okt milli kl.11.00 og 15.00.  
Léttum á lagernum, mikið af frábærum tilboðum.

Hundasnyrtir verður á staðnum með ráðleggingar.

Frí klóaklipping milli  
kl.13.00 -15.00

Hundaheimur - Háholt 13 - Mosfellsbæ  
www.hundaheimur.is  
Sími 551-3040



## Mosfellingar framleiða Jóhannes

Ný íslensk gamanmynd, Jóhannes, var frumsýnd í kvikmyndahúsum á dögunum. Framleiðendur myndarinnar eru þeir Magnús Einarsson og Guðbrandur Örn Arnarson en þeir búa báðir í Arnarhöfðanum. Tökur á myndinni fóru fram í sumar en það er Laddi sem fer með aðalhlutverkíð í myndinni. Alls störfuðu um 70 manns við gerð myndarinnar auk fjölda aukaleikara. Meðal leikara eru Stefán Karl og Unnur Birna en leikstjóri er Þorsteinn Gunnar Bjarnason.

## Upphaf Hildar í Lágafellslaug

Upphaf, myndlistarsýning Hildar Steinunnar Magnúsdóttur, stendur nú yfir í anddyri Lágafells-



laugar. Hildur Steinunn lauk námi af Listabraut í Fjölbrautarskóla Breiðhólts árið 2007 og stundar nú nám á öðru ári í Myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Hún hefur sótt fjöldan allan af námskeiðum m.a. í Myndlistarskóla Mosfellsbæjar og fór með hópi frá honum í vinnuferð til Tékklands vorið 2007.



## Frönsk hljómsveit á Bókasafninu

Trío Vadim Fyodorov heldur tónleika á Bókasafninu sunnudaginn 25. okt. Hljómsveitin leikur franska musett- og jazz tónlist í hefðbundinni franskri hljómsveit sem samanstendur af harmonikku, kontrabassa og gítar. Auk Vadims skipa hljómsveitina Gunnar Hilmars-son á gítar og Leifur Gunnarsson á kontrabassa. Hljómsveitin gaf nýlega út sína fyrstu plötu „Papillions Noirs“, Svörtu fiðrildin.

Árleg hrútasýning fór fram á Kiðafelli í Kjós sunnudaginn 4. október

# Jökull Kroppsson sigraði í ár

Hrútasýning fjárrættarfélagssins var haldin á Kiðafelli þann 4. október. Jafnframt fór fram ómmælingar á gimbrum. Greinilegar framfarir voru mælanlegar hjá þeim bændum, sem hafa skipulega valið ásetningsgimbrar með aðstoð niðurstaðna á ómmælingum á þykkt bakvöðva. Við röðun lambhrúta raðaðist hrútur frá Kiðafelli, undan Kveik, í efsta sætið með 85,5 stig og svo lamb frá Miðdal og svo annað frá Kiðafelli.

Í flokki veturgamalla hrúta reyndist hrúturinn Jökull frá Miðdal, undan sæðingshrútnum Kroppi, hlutskarpastur og hlaut því hinn eftirsóttta verðlaunaskjöld eftir Ríkharð Jónsson. Jökull er í eigu Guðmundar og Svanborgar í Miðdal.

Þá voru sérstaklega veitt verðlaun fyrir besta mislita lambhrútinn en hann reyndist vera frá Hraðastöðum. Nokkur áhugi hefur vaknað á meðal sauðfjáreigenda að viðhalda litaafbrigðum íslenska sauðfjástofnins. Að sögn bænda sem leyfi hafa til að



selja líflömb hefur eftirspurn eftir mislitu fé aukist mikið. Að þeirra sögn færast það í vöxt að æ fleiri

hefji tólmstundarbúskap til að verða sé nógir með dilkakjöt.

[www.kjos.is](http://www.kjos.is)

Níu meðferðaraðilar eru starfandi í Lágafellslaug auk líkamsræktarstöðvar

## Fjölbreytt heilsuþjónusta í boði

Í Lágafellslaug er 25 metra útisundlaug, innilaug með færanlegum botni, heitir pottar, eimbað, sauna og renni-brautir. Í innilauginni er kennd vatnsleikfimi og ungbar-nasund. Stór íþróttasalur er í húsinu sem er vel nýttur meðan sundlaugin er opin. Einnig er líkamsræktarstöðin World Class með mjög góða starfsemi í húsinu.

Fjölbreytt heilsuþjónusta er í boði í Lágafellslaug. Níu meðferðaraðilar eru þar starfandi. Boðið er uppá mismunandi nudd en fjórir nuddarar eru starfandi sem allir hafa sína sérstöðu. Má þar nefna almennt nudd, slökunar-, sjúkra- og íþróttanudd, spa meðferðir o.fl.

» **Ingrid Karis, nuddari**  
Djúpvöðvanudd, slökun, coconut olíu nudd. Tímá pantanir í sundlauginni í s: 517 6080

» **Alexei Trufan, nuddari**  
Íþrótt- og endurhæfingarnudd, hefðbundið nudd, svæða-, hunangsnudd, aðferðir í baráttu við sellulit (appelsínuhúð), nudd með jurtaþokum. Pantanir í s: 695 7759.

» **Guðbjörg Þórðardóttir, félagsráðgjafi**  
Félagsráðgjafi með sálfélagslegan stuðning fyrir einstaklinga, hjón og fjölskyldur sem hafa lent í sorg, áföllum, samskiptavanda eða öðru því sem hver og einn vill takast á við og vinna úr. Tímá pantanir í s: 699 6707

» **Guðrún Ólafsdóttir, hómópatí**  
Byður upp á heilðræna meðferð þar sem lækningarmáttur líkamans er virkjaður og kemur inn á öll svið er viðkemur líkama og sál. Hómópatían er hluti af náttúru lækningum sem ýtir undir að líkaminn lækni sig sjálfur. Tímá pantanir í s: 848 9712.

» **Heilsu- og hamingjulindin Lilja Petra, Elli og Ágústa**  
Verkjameðferðir, streitulosun og dekur. Alltaf eitthvað nýtt að bæstast við hjá okkur. Nú er hægt að fá göt í eyrun og kaupa eyrnalokka. Ágústa Nelly snyrtifræðingur býður



Hluti meðferðaraðila í Lágafellslaug

upp á námskeið fyrir hópa um húðumhirðu og hægt er að panta dekurdag. Elli lauk námskeiði í steinanuddi og bættist það við hið sigilda heitsteinanudd sem margir hafa prófað. Lilja fór á námskeið í WHEE sem er einföld leið til streitulosunar og nýtir hún aðferðina með góðum árangri.

**Gunnar Stefánsson, nuddari.**  
Almennt heilsunudd. Tímá pantanir í s: 698 3101

**Lilja Steingrimsdóttir, hjúkrunarfræðingur, höfuðbeina- og spjaldhrygg meðferðaraðili og öndunarkennari.**  
Höfuðbeina- og spjaldhryggsméðferð er létt og þægileg meðferð sem leiðréttr skekkjur og losar um spennu í líkamanum og kemur í veg fyrir sjúkdóma af þeirra völdum. Einnig Yoga-öndunartækni - ihugun sem kennd er á sex daga námskeiðum hjá „Art of living“ á Íslandi. Tímá pantanir í s: 692 8302.

ÉG TEK VEL  
Á MÓTI ÞÉR  
OG HJÁLPA  
ÞÉR AÐ NÁ  
ÁRANGRI



MMMMMM...

Vinsælu 12 vikna lífsstílnámskeiðin fara aftur af stað í janúar og nú einnig í MOSFELLSBÆ

### Borðar þú rétt samsettan morgunverð?

Fáðu svör við því með því að fylla út beiðni  
um veglegan prufupakka á:

[www.framtid.heilsuskysrsla.is](http://www.framtid.heilsuskysrsla.is)



**Rakel • 869-7090**

[kolbrun rakel@gmail.com](mailto:kolbrun rakel@gmail.com) • [www.wealth.youropp.com](http://www.wealth.youropp.com)  
Kolbrún Rakel Helgadóttir • Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum  
ásamt helstu upplýsingum á netfangið  
[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

## BÍLL VIKUNNAR

[www.isband.is](http://www.isband.is)  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)

### VOLVO XC70 D5 AWD

Árgerð 2008. Ekinn 5 þ.km  
Ekkert áhvílandi.  
Skipti: Ódýrari  
Dísel knúinn. Skráður  
5 manna. Sjálfskiptur  
2400cc slagrymi. 4 dyra.  
185 hestöfl.  
4 heilsársdekk.  
Fjór hjóladrif



Verð: 7.890.000

### SJÁLFSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN


ABS hemlar - Aksturstölvla - Álfelgur - Armpúði - Dráttarbeisli - Dráttarkúla -  
Fjarlægðarskynjarar - Fjarstýrðar samlæsingar - Geisladiskamagasín - Geisla-  
spilari - Handfrjálsls búnaður - Hiti í sætum - Höfuðpúðar aftan - Hraðastillir  
- Kastarar - Leðuráklæði - Líknarbelgir - Litað gler - Loftkæling - Minni í sætum  
- Rafdrifin sæti - Rafdrifið sæti ökumanns - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnr speglar  
- Reyklaust ökutæki - Samlæsingar - Símalögn - Smurbók - Sólskyggni -  
Spólvörn - Stafrænt mælaborð - Stöðugleikakerfi - Útvarp  
- Veltistýri - Vindskeið/spoiler - Vökvastýri - Xenon aðal-  
ljós - Pakbogar - Þjófavörn - Þjónustubók o.fl.



100 BÍLAR | ÞVERHOLTI 6 | Sími 517 9999 | [100BILAR@100BILAR.IS](mailto:100BILAR@100BILAR.IS)



## FJÖLDI FISKRETTA YFIR 30 TEGUNDIR Í BORDINU



## Fiskbúðin Mos

**Háholti 13-15**

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís)

**FÖSTUDAGSFLIPP  
Í FISKBÚÐINNI  
(HVAÐ GERA STRÁKARNIR?)  
KÍKIÐ Í GLUGGANN!**

AUGLÝST SAMDÆGURS

**Opunartími:**  
Mánudaga: 10-19  
Þri-fös: 11:30-19

Amma fiskur  
tekur vel á móti  
viðskiptavinum



**OPIÐ  
TIL KL. 19  
ALLA VIRKA DAGA**



## Samstarfinu lokið í kvennaboltanum

Ákveðið hefur verið að samstarfi Aftureldingar og Fjölnis í meistaraflokki kvenna í knattspyrnu sé lokið. Því mun Afturelding tefla fram liði heimamanna á næstu leiktíð en mikill efniviður er hjá félaginu. T.a.m. vann 2. flokkur sig upp í A-deild í sumar og árgangarnir fyrir neðan hafa verið Íslandsmeistarar, Barcelona meistarar svo eitthvað sé nefnt. Á næstu leiktíð munu áhorfendur því geta hrópað Áfram Afturelding og horft á stelpurnar aftur í rauðum búningum. Eins og flestir vita spila þær í efstu deild - Pepsi deildinni og ætla sér þar stóra hluti á næstu árum.

## Nýr einkaþjálfari hjá Eldingu

Sveinn Rafn Hinriksson líkams- og einkaþjálfari er tekinn til starfa hjá Eldingu. Sveinn er með IAK -réttindi og útskrifaðist með hæstu einkunn í verklegri þjálfun. Hann sérhæfir sig m.a. í einkaþjálfun, hóppjálfun, nær-ingaráðgjöf, fyrirtækjaþjálfun og fyrirlestur.



## Sigur 5. flokks á Seltjarnarnesinu

Veturinn byrjar vel hjá 5. flokki karla í handknattleik en þeir unnu riðil sinn í fyrsta móti vetrarins og eru því komnir í aðra deild. Strákarnir unnu alla leikina en skemmtilegasti sigurinn var án efa á móti Þór þar sem þeir lentu mest fjórum mörkum undir en með harðri baráttu náðu þeir að jafna leikinn. Síðustu mínútur leiksins voru æsispennandi og skoraði Finnþógi sigurmarkið þegar tvær sekúndur voru eftir. Spennandi verður að fylgjast með þessum drengjum í vetur.

Nýtt meistaraflokksráð hefur ráðið þjálfara til að stýra liðinu í 2. deildinni

# Izudin Daði Dervic ráðinn þjálfari

Izudin Daði Dervic hefur verið ráðinn þjálfari Aftureldingar en skrifað var undir samning þess efnis á dögunum. Dervic þjálfaði síðast lið Hauka sumarið 2005 er liðið endaði í þriðja neðsta sæti 1. deildar. Dervic lék sjálfur m.a. með KR, Val og FH á ferli sínum sem leikmaður á árum áður auk þess sem hann á að baki 14 landsleiki með íslenska A-landsliðinu.

Dervic tekur við starfinu af Ólafi Ólafssyni sem hefur þjálfað Aftureldingu undanfarin ár en hætti síðastliðið haust. Afturelding féll úr 1. deildinni í sumar og mun því liðið leika í 2. deildinni næsta tímabil.



Frá undirskrift, Hilmar Bergmann formaður meistaraflokksráðs, Izudin Daði Dervic þjálfari og Gyða Árný Helgadóttir framkvæmdastjóri Aftureldingar.

Meistaraflokki spáð sigri í 1. deild

## Strákarnir byrja vel

Tímabilið hefur farið vel af stað hjá meistaflokki karla í handbolta. Hafa þeir unnið fyrstu tvo deildarleiki sína gegn ÍBV og Þrótti auk þess sem þeir eru komnir í 16 liða úrslit Eimskips bikarsins. Strákunum er spáð efsta sæti í 1. deild en formenn, þjálfarar og fyriliðar spá í spilin áður en leiktíðin hefist. Góð stemning hefur myndast á áhorfendapöllumunum en leikirnar fara fram á efri hæð íþróttahússins í gamla salnum. Á myndinni má sjá Hilmar Stefánsson og Aron Gylfason.



## Unglingalið á verðlaunapalli

Íslandsmeistaramót unglunga í kumite var haldið í íþróttahúsi Fylkis þann 11. október. Afturelding sendi lið vaskra unglunga á mótið, þá Þórarinn og Einar Karl Jónssyni sem kepptu í flokki 12 ára drengja og íþróttamaðnn Aftureldingar Kristján Helga Carrasco sem keppti í flokki pílta 16-17 ára. Í flokki stúlkna 16-17 ára kepptu þær stöllur Telma Rut Frímansdóttir íþróttakona Aftureldingar og Þórunn Anna Orradóttir.

Öll komust þau á verðlaunapall og áttum við keppanda í úrslitum í þremur flokkum af sex.

Kumite er bardagi milli tveggja einstaklinga þar sem keppendur fá stig ef þeir ná höggi eða sparki í andstæðinginn. Á þessu móti voru keppendur með góm til hlífðar tönnum, hanska og hlífar sem verja sköflung og rist en í nýjum reglum er buið að bæta við höfuðhlíf og brynju sem hlífir efri hluta líkamans. Ekki veitir af enda fá keppendur stig ef þeir ná höggi eða sparki í arnstæðinginn með rétttri tækni og í jafnvægi. Ekki er leyfilegt að snerta höfuð eða andlit andstæðingsins.

Sporttv.is sendir út beint frá Varmá

## Fimleikar í beinni

Fimleikadeild Aftureldingar bryddar upp á kærkominni nýjung í starfi sínu á næstunni með beinni útsendingu frá fimleikamóti að Varmá. Deildin mun halda fjölmennat fimleikamót í almennum fimleikum dagana 31. október og 1. nóvember. Þá geta stoltir ættingjar og vinir um allan heim einnig fylgst með börnum frá 10 ára aldri stíga sín fyrstu skref í keppni en bein útsending verður af vefsíðunni Sporttv.is. Vefurinn Sporttv.is er sjónvarpsstöð á netinu sem sérhæfir sig í útsendingum íþróttaviðburða.

Vefurinn hefur sinnt ýmsum íþróttaviðburðum svo sem handbolta, hnefaleikum, fimleikum og blaki en hann fór í loftið 7. september.

Fimleikadeildin hvetur að sjálfsögðu alla sem geta til að mæta á mótið og sýna okkar keppendum stuðning. Þeir sem ekki eiga heimangengt geta horft á vefnum. Nú stunda á annað hundrað börn fimleika í Mosfellsbæ á öllum aldri og getustigi. Fátt er jafn hvetjandi í íþróttum barna en að foreldrar og afar og ömmur horfi á og geti rætt við barnið um frammistöðu þess.



# Fit • Pilates

STINNUR RASS, SLÉTTUR MAGI

6 vikna Fit Pilates námskeið  
Hádegistímar og einnig kl. 17.30



Námskeiðin byrja 3. nóvember

Skráning hjá Smára í s. 896-2300  
og smari@fitpilates.org



Íþróttamiðstöðinni að Varmá

[www.fitpilates.org](http://www.fitpilates.org)



- ✓ Áttu góða hugmynd?
- ✓ Viltu kanna hvort hún er hagkvæm?
- ✓ Þarftu að gera viðskiptaáætlun?
- ✓ Viltu aðstoð við að yfirstíga fyrstu skrefin?
- ✓ Hjá okkur færðu góða aðstöðu og stuðning til að vinna að eigin viðskiptahugmynd
- ✓ Hjá okkur er frábært vinnumhverfi þar sem dafnar kraftur og sköpun

Hafðu samband og við skoðum málið með þér!

Hraunhús - Völuteigi 6 - Mosfellsbæ - [nomad@internet.is](mailto:nomad@internet.is)



Næsti heilsutengdi fyrirlestur verður þriðjudaginn 3. nóvember kl. 17.00. Þá mætir Ebba Guðný Guðmundsdóttir og fjallar meðal annars um hversu auðvelt er að skipta út hráefni í matargerðinni fyrir annað hollara. Skráning er hjá [kolla@hraunhus.is](mailto:kolla@hraunhus.is), verð 2.000 kr. Nánari upplýsingar er að finna á [hraunhus.is](http://hraunhus.is)

Minum einnig á súpuhádegi alla þriðjudaga og fimmtudaga.

OPNUNARTÍMI:

Þriðjudag, miðvikudag og föstudag 11-18  
Fimmtudag - verslun frá 11-20, kaffihús 11-22  
Laugardag 11-17  
Fyrsta sunnudag í mánuði 13-17  
Lokað á mánudögum

[www.hraunhus.is](http://www.hraunhus.is) \* Völuteigur 6 \* 270 Mosfellsbær

# Leirinn heillar mig mest

**V**ið mæltum okkur mót á Gallerí Hvirfli í Mosfellsdal. Veðrið skartaði sínu fegursta þennan dag og það ríkti algjör kyrrð. Útsýnið yfir Dalinn frá heimili Þóru er í einu orði sagt stórfenglegt. Þóra tók á móti mér glæsileg að vanda og bauð upp á ilmandi kaffisopa úr fallegum leirbollum sem hún hannaði sjálf. Hvert sem auga var litið mátti sjá glæsileg listaverk, stór og smá, en Þóra vinnur jafnt nytjahluti sem skúlptúra og nýtir ásamt leir og járn annan efnivið í listsköpun sinni, til dæmis hrosshár og kindahorn.

„Fyrstu árin mín var ég mikið úti á landi, þar á meðal í Saurbæ í Dölum, þar var ég kúasmali, mokaði skít og mjólkaði beljurnar en ég ólst síðan upp í Reykjavík og Hafnarfirði,“ segir Þóra aðspurð um æskuárin. „Á sumrin fór ég svo alltaf í sveit austur í Skaftafellssýslu og hafði mjög gaman af, enda alltaf verið mikið fyrir dýr. Ég hef alltaf kunnað vel við mig í sveit, enda bý ég í hálfgerðri sveit hér í Mosfellsdalnum.“

Foreldrar mínir eru Ólafía Kristín Sigurðardóttir kennari og Sigurþór Ísleiksson húsgagnasmiður en hann lést s.l. sumar. Ég er þriðja elst í röðinni af sjö systkinum en þau eru Ásdís, Svanfríður, Jóhannes, Ólafur, Sigurður Ingi og svo Fanný sem er yngst.“

## Lék í Morðsögu

„Ég ætlaði mér alltaf að verða leikkona og á sautjanda ári lék ég í kvikmyndinni Morðsögu sem Reynir Oddsson leikstýrði og framleiddi. Ég lék þar eitt af aðalhlutverkunum ásamt Steindóri Hjörleifssyni og Guðrúnu Ásmundsdóttur. Myndin var frumsýnd árið 1977 og þótti mjög djörf á þessum tíma en þá var íslensk kvikmyndagerð ekki hafin fyr-



Fjölskyldan á Hvirfli í Mosfellsdal: Bjarni, Bjarki, Þóra, Vilborg og Guðmundur.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur  
**MOSFELLINGURINN**  
ruth@mosfellingur.is

ir alvöru. Morðsaga er fyrsta alíslenska leikna kvikmyndin í fullri lengd þótt það gleymist oft að geta þess. Þetta var virkilega skemmtilegur tími og gaman að fá að taka þátt í þessu.“

## Færðist líf í Kvosina

„Á unglingsárunum fékk ég vaxandi áhuga á myndlist og ákvað því að fara í nám á því sviði. Ég fór fyrst í Myndlistarskóla Reykjavíkur og síðan í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Námið stóð yfir í fjögur ár, þar af voru þrjú ár í leirlistardeild og ég útskrifaðist árið 1989. Nú er þetta nám gjörbreytt og engin leirlistardeild í Listaháskólanum sem mér finnst miður.“

„Eftir að ég lauk náminu opnaði ég vinnustofu á Álafossi. Þá höfðu húsin þar staðið meira og minna auð eftir að ullarverksmiðjan hætti en það færðist nýtt líf í þau. Við listamennirnir, sem höfðum aðstöðu þarna, stóðum fyrir viðburðum og sýningum svo Kvosin iðaði af lífi, þetta var góður tími.“

## Sýning í byrjun aðventu

„Árið 2002 færði ég vinnustofuna hingað heim að Hvirfli og sé ekki eftir því. Við hjónin byggðum stórt braggalaga hús sem við notum undir hesthúsið og vinnustofu. Það er mjög þægilegt að hafa vinnustaðinn svona alveg á hlaðinu hjá sér og sjá hæurnar spígspora fyrir utan. Fyr-



Þóra með systkinum sínum og móður, f.v. Sigurður Ingi, Svanfríður, Þóra, Jóhannes, Ásdís, Ólafur, Ólafía Kristín og tikin Trýna.

ir tveimur árum byggðum við gallerí við vinnustofuna. Þar notuðum við plexigler þannig að birtan verður góð og mikil. Rúmt er um munina mína og sýningaraðstaðan ágæt. Ég hef skapað þá venju að halda sýningu í byrjun aðventu og hafa þær sýningar tekist einstaklega vel. Annars kemur fólk hingað á öllum tímum og auk þess koma hingað oft hópar til að skoða, stundum í tengslum við gönguferðir sem Bjarki

maðurinn minn er með hér um Dalinn.“

## Hrosshár og kindahorn

„Ég vinn allskonar hluti úr leir af öllum stærðum, jafnt nytjahluti sem skúlptúra. Kannski ættum við ekki að notast við orðið nytjahluti, því þeir geta að sjálfsögu verið augnayndi og það eru líka not af listmunum sem eru gerðir fyrst og fremst fyrir augað. Það er kannski ekki algjör tilviljun að ég nota bæði hrosshár og kindahorn í sumum listmuna mínum. Núna er ég að leika mér svolítið með hraun í munum mínum og nýti það á nýjan hátt.“

## Þrjátíu ár í Dalnum

„Ég hef búið hér á Hvirfli í tæp þrjátíu ár. Eiginmaður minn er Bjarki Bjarnason sem starfar jöfnum höndum sem rithöfundur og íslenskukennari við Menntaskólann Hraðbraut. Bjarki er alinn upp á Mosfelli þar sem foreldrar hans, séra Bjarni Sigurðsson og Aðalbjörg Guðmundsdóttir, bjuggu í rúm tuttugu ár. Á Hvirfli höfum við alið upp börnin okkar þrjú, en þau eru Bjarni, sem er fæddur árið 1982, Vilborg, fædd 1984, og Guðmundur en hann er fæddur árið 1989. Hér eru hestar, hundur, kisa, kanína og hænur. Það er yndislegt að búa í Mosfellsdalnum, hér er gott fólk og skemmtileg náttúra. Hér fær hver og einn að njóta sín og vera hann sjálfur.“

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.



# Málþing um sjálfbæra þróun

Mosfellsbær boðar til málþings um stöðu sjálfbærrar þróunar í sveitarfélögum á Íslandi.

Sveitarfélög á Íslandi eru komin mislangt í vinnu sinni að sjálfbærri þróun undir merkjum Staðardagskrár 21. Áhugavert er að fara yfir og bera saman mismunandi áherslur og aðferðafræði sveitarfélaga í þessum efnum. Um þetta fjallar málþingið, sem fram fer í Listasal Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2 í Mosfellsbæ (innangengt frá bókasafni), **fimmtudaginn 5. nóvember n.k. kl. 16:00-18:00.** Málþingið er öllum opið án endurgjalds. Boðið verður uppá kaffiveitingar.

## Dagskrá málþings:

### Setning málþings

Jóhanna B. Magnúsdóttir, formaður Verkefnisstjórnar Staðardagskrár 21 í Mosfellsbæ

### Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar – hvar stöndum við og hvert stefnum við?

Sigríður Stefánsdóttir, Akureyrarbæ

### Staðardagskrár 21, verkfæri til að vera til fyrirmyndar?

Eygerður Margrétardóttir, framkvæmdastýra Staðardagskrár 21 í Reykjavík

### Hvers vegna ég?

#### Þátttaka íbúa í gerð Staðardagskrár 21.

Arnheiður Hjörleifsdóttir, formaður Umhverfis- og náttúruverndarnefndar Hvalfjarðarsveitar

#### Sýn íbúa á Staðardagskrá 21

Sigrún Guðmundsdóttir, íbúi í Mosfellsbæ

#### Þverfagleg tenging innan stjórnáráðs

Katrín Georgsdóttir, sérfræðingur umhverfismála hjá sveitarfélaginu Árborg

#### Fyrstu skref sjálfbærrar þróunar í sveitarfélaginu Garði

Særún Rósa Ástþórsdóttir, formaður Umhverfisnefndar í sveitarfélaginu Garði

#### Tenging Staðardagskrár 21 við aðalskipulag

Freyr Ævarsson, skipulags- og umhverfissviði Fljótisdalshéraðs

#### Mikilvægi skýrrar stefnumótunar

Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri Mosfellsbæjar

#### UMRÆÐUR OG FYRIRSPURNIR

Fundarstjóri: Stefán Gíslason, verkefnisstjóri Staðardagskrá 21 á Íslandi





Bílaleigan Procar opnar útibú að Ási í Mosfellsbæ

## Bílaleiga á Hótel Laxnesi

Búið er að opna bílaleigu í Mosfellsbæ en Hótel Laxnes rekur nú útibú fyrir bílaleiguna Procar sem bjóða upp á margar stærðir og gerðir af bílum á hagstæðu verði. Um 79 bílar eru nú þegar tilbúnir til útleigu og verður þeim fjölgað smátt og smátt.

Á meðfylgjandi mynd sést Gunnar (Procar) og Alli (Hótel Laxnes) hand-sala samninginn milli þessarra fyrirtækja.

Kjósarsýsludeild RKÍ leggur sitt af mörkum

## Getur þú lagt lið?

Nýverið barst Rauða krossi Íslands neyðarbeiðni frá Rauða krossinum í Hvíta-Rússlandi þar sem óskað er eftir 2.500 fatapökkum fyrir ungabörn. Pökkunum verður dreift á heimili fyrir munaðarlaus börn, stofnana fyrir veik og fötluð ungbörn og fátækra fjölskyldna með nýfædd börn einkum í afskekktum þorpum. Þær fjölskyldur sem fá pakkana verða valdar af deildum félagsins á grundvelli efnahags, fjölda barna og annarra aðstæðna.

Í Hvíta-Rússlandi búa tíu milljónir manna. Vetur eru harðir og frostið fer niður í -20°C. Aðstæður geta verið afar erfiðar auk þess sem margar fjölskyldur hafa afar litlar tekjur og búa við núturlegar kringumstæður.

Sjálfboðaliðar Kjósarsýsludeildar í verkefninu Föt sem framlag útbúa sérstaka fatapakka fyrir 0-12 mánaða í þeim eru 2 peysur, 2 samfellur, 4 taubleyjur, húfa, teppi, handklæði, 2 sokkapör og buxur. Hópurinn þiggur gjarnan hjálp við



þetta stóra verkefni. Hluti hópsins hittist í Þverholti 7 alla miðvikudaga kl. 13-15 meðan aðrir þrjóna eða sauma heima, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Þrjónar og garn á staðnum. Rjúkandi kaffi og góður félagsskapur.

Nánari upplýsingar hjá deildinni í síma 898-6065 eða netfangi [kjos@redcross.is](mailto:kjos@redcross.is).



Nemendur hlakka til að flytja í nýja skólabyggingu

## Við erum Krikaskóli

Nemendur Krikaskóla eru farnir að hlakka til að flytja í nýju skólabygginguna við Sunnukrika sem tekinn verður í notkun í byrjun næsta árs. Einn góðvirdisdag í október fengu þau sér göngutúr með fána sem þau höfðu útbúið sem á stóð: Við erum Krikaskóli og var hann dreginn að húni við mikinn fögnuð. Fyrsti hádegisverðurinn var einnig borðaður og nokkur létt lög sungin.



## BAKÞJÁLFUN

Eru mjóbaksverkir að hrjá þig?

sex vikna hóppjálfun undir leiðsögn sjúkráþjálfara

- Einstaklingsviðtal og skoðun í fyrsta tíma
- Sérhæfð styrktarþjálfun sem eykur stöðugleika liða
- Einstaklingsmiðuð þjálfun
- Fræðsla um líkamsbeitingu og vinnustellingar

Mánudaga og miðvikudaga kl. 17:30-18:30

Staðsetning: Íþróttamiðstöðin að Varmá

Leiðbeinandi: Þráinn Björnsson  
sjúkráþjálfari BSC

Verð: 18.900

Einstaklingsviðtal og skoðun í vikunni 2.- 6. nóv.

sex vikna hóppjálfun 9. nóv. - 16. des

Skráning og nánari upplýsingar:

[thrainnb@gmail.com](mailto:thrainnb@gmail.com) eða í síma 865-5020



Hlégarður



VEISLUGARÐUR  
Veisluþjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær, sími 566 6195 / 892 9411

# ÓDÝR LYF Í MOSFELLSBÆ

## VELKOMIN Í APÓTEKARANN



Hlökkum til að sjá þig

10% afsláttur af  
lausasöluþyfjum



[www.apotekarinn.is](http://www.apotekarinn.is)

Apótekarinn hefur opnað í Kjarnanum, þar sem apótek Lyfja & heilsu var áður, og býður lyf á lægra verði. Starfsfólk Apótekarans mun sem fyrr taka vel á móti þér og veita þér áfram góða þjónustu.

**Opið**

mán-fim  
10.00-18.00

föstudaga  
10.00-18.30

laugardaga  
10.00-14.00

**Apótekarinn**<sup>+</sup>  
lyf á lægra verði



Smalar á Húsatúni á Reykjafelli. Sævar, Erla, Fríða, Ingibjörg og Kristinn.

## Smalar á Reykjum létu ekki rigningu á sig fá Reykjafellið smalað

Um síðustu helgi fóru fram einu stóðréttirnar sem vitað er um á höfuðborgarsvæðinu. Reykjafellið var þá smalað og stóðinu safnað saman í Reykjarétt sem staðið hefur nú í 10 ár. Myndirnar er frá réttardeginum mikla og tala sínu máli.



Svílkonurnar Stefania og Lovísa Rut létu sig ekki vanta í stóðréttirnar.



Smalarnir Haukur Nielsson og Ragnar Árni Sigurðarson á toppi Reykjafells.



Vinkonurnar Helga Aðalsteinsdóttir, Ásta Jónsdóttir, Þuríður Yngvadóttir.



Gunnar R. Magnússon, Ólafur Geir Sverrisson, Sveinn Sveinsson og Pétur Hafliði



Réttarnefndin 2009. Jón Davíð, Björn Ingi, Ragnar Ingi, Jón Magnús og Guðmundur.

## Gylfi Guðjónsson ökukennari heiðraður á Ásláki Bæjarróni ársins valinn



Föstudaginn 16. október var árlegt „Hrossakjötskvöld“ hjá bæjarrónafélagi Mosfellsbæjar og við það tilefni var valinn bæjarróni ársins 2009. Að þessu sinni hlýtur Gylfi Guðjónsson útnefninguna og er hann vel að þessum heiðri kominn. Á myndinni með Gylfa er Ragnheiður Ríkharðsdóttir gefanda bikarsins.



MOSFELLSBÆR

## LEIÐBEINANDI Í HANDVERKSSTOFU

**Félagsstarf eldri borgara óskar eftir umsóknum um starf leiðbeinanda í handverksstofu félagsstarfsins. Um er að ræða hlutastarf, allt að 80%.**

Umsækjandi þarf að hafa viðtæka þekkingu á sviði hannyrða og/eða handverks af einhverju tagi. Leiðbeinandi þarf að fylgjast með nýjungum til þess að tryggja að starfið höfði til sem flestra þátttakenda, karla og kvenna. Reynsla af vinnu sem leiðbeinandi á umræddu sviði er æskileg. Starfið gerir kröfu um frumkvæði, skipulagshæfileika og hæfni til samvinnu.

Laun eru skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Launanefndar sveitarfélaga.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

**Upplýsingar gefur forstöðumaður á skrifstofu félagsstarfs í síma 586-8014 kl. 13.00-16.00.**

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember. Umsóknum má skila inn á Þjónustuver Mosfellsbæjar, 1. hæð. Þverholti 2. Einnig er hægt að senda inn umsóknir á heimasíðu Mosfellsbæjar [www.mos.is](http://www.mos.is)

Mikið að gerast hjá unglíngunum félagsmiðstöðinni

# Bólið opnar útibú í Lágafellsskóla

Opnunarhátíð Félagsmiðstöðvarinnar Bólsins við Lágafellsskóla var haldin 2. október. Gestum var boðið að skoða nýendurgert húsnæði og kynna sér það sem er í boði í Bólinu fyrir ungmenni Mosfellsbæjar. Opnunarhátíðin var vel sótt enda glæsilega að öllu staði við gerð félagsmiðstöðvarinnar, tækjastur er mjög góður og húsnæðið allt í samræmi við óskir unglínganna. Starfsmenn voru á staðnum og bökuðu vöflur og kynntu starfseminna fyrir gestum.



ingabaráttu var í byrjun haustsins þar sem kosnir voru fulltrúar á í Bólráð og fóru þeir fulltrúar á landsmót félagsmiðstöðva á Sauðarkrók þar sem Ása Hrund Viðarsdóttir var kosin í ungmennaráð SAMFÉS. Margt skemmtilegt hefur verið að gerast hjá okkur í haust, m.a. kom Trúbaðdorinn Svavar Knútur og skemmti krökkunum með tali og söng, hann sló í gegn með sínum sérstaka húmor sem krakkarnir eru að fíla.

## Svavar Knútur í heimsókn

Metþáttaka er í félagsmiðstöðinni nú í haust og mikill áhugi fyrir viðburðum sem ungmennin sjá að mestu leyti um að skipuleggja í samstarfi við starfsmenn. Mikil kosn-



## Árshátíð í næstu viku

Margir viðburðir eru framundan hjá Bólinu og má þar nefna hönnunarkeppnina STÍL, söngvakeppni SAMFÉS og eru margir búnir að skrá sig í undankeppnirnar. Árshátíð Bólsins verður haldin í Hlégarði 28. október og verður hryllingspema í skreytingum. Þar koma fram Dj Óli

Geir og hljómsveitin Bob Gillan og Ztrandverðirnir en Stefanía, söngkonan í hljómsveitinni, vann söngvakeppni SAMFÉS á sínum tíma.

Í vetur er mikið um að vera og hvetjum við þá sem ekki hafa kíkt þar við að tékka á stemmingunni. Einnig má sjá hvaða viðburðir eru í gangi á bolid.bloggar.is.



## Námskeiðið Barnið komið heim!

Mosfellsbær í samstarfi við ÓB-ráðgjöf stendur fyrir námskeiði fyrir væntanlega foreldra og foreldra barna allt að þriggja ára. Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu foreldra á þörfum barna og stuðla að auknum hæfileikum þeirra til að takast á við breytingar samfara tilkomu barns.

Námskeiðið er hannað af sálfræðingunum og hjónunum John og Julie Gottman í samstarfi við The Swedish Medical Center í Seattle. Niðurstöður rannsókna meðal þátttakenda námskeiðsins sýna að fleiri þör upplifa aukin gæði í parsambandinu og bæði feður og mæður sem sóttu námskeiðið voru næmari fyrir þörfum barnanna og brugðust betur við þeim. Þetta átti sérstaklega við um feðurna. Börnin sýndu einnig merki um minni streitu og brostu meira. Stöðumat meðal íslenskra þátttakenda sem sótt hafa námskeiðið sýnir að þeir eru mjög ánægðir og telja gagnsemi námskeiðsins mikla.

Á námskeiðinu er lögð áhersla á að efla nánd og vintengsl foreldra, auðvelða þeim að vera samstillt í upfeldislutverkinu og stjórna ágreiningi sín í milli. Einnig er lögð áhersla á að þeir þekki grundvallaratriði í þroska barna og viti hvar er hægt að leita stuðnings og ráðgjafar þegar þörf er á.

ÓB-ráðgjöf heldur námskeiðin í nánun samstarfi við Mosfellsbæ sem stendur straum af kostnaðinum við þau. Þátttakendur greiða skráningargjald sem er 7.500 kr.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 26. október kl. 17 – 19. Námskeiðið er haldið í Síðumúla 39 í Reykjavík. Kennir er tvær klukkustundir í senn, einu sinni í viku í sex vikur á mánudögum frá kl. 17 – 19. Kennslan fer fram með fyrirlestrum, verkefnavinnu og umræðum í hópum.

Skráning og nánari upplýsingar á vefsetrinu [www.barnidkomidheim.net](http://www.barnidkomidheim.net) og hjá Ólafi Grétari Gunnarssyni í síma 553 9400.

Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs  
Framkvæmdastjóri fræðslusviðs



VIÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR



## Karلاكór Kjalnesinga heldur áfram að gleðja

Karلاكór Kjalnesinga hélt glæsilega hausttónleika á dögnum í Guðríðarkirkju. Kórinn gaf út geisladiskinn *Glaðning í vor* og voru tónleikarnir nú því seinni útgáfutónleikar. Léttleiki hefur ávallt einkennt sönglíf karlakórsins og uppstaða geisladisksins er söngdansar frá síðustu öld við undirleik hljómsveitar. Stjórnandi kórsins er sem fyrr Páll Helgason en Guðrún Gunnarsdóttir söngkona hefur lagt þeim lið upp á síðkastið.

Sigurður Gústavsson, 23 ára, hélt veglegt útgáfuteiti í tilefni útgáfu sinnar fyrstu ljóðabókar

# Ölið, bölið & þynnkan sem fylgdi

Sigurður Gústavsson, ungur lögfræðinemi úr Mosfellsdal, sendi á dögnum frá sína fyrstu ljóðabók; *Ölið, bölið & þynnkan* sem fylgdi. Siggí Gúst eins og hann er kallaður hélt veglegt útgáfuteiti í lðnó þann 8. október.

„Ég byrjaði að taka saman ljóð fyrir 2-3 árum en ég hef alltaf haft mikinn áhuga á kvæðagerð. Á endanum varð þetta efni í bók sem nú er til sölu í bókaverlsunum lðu og Máls og menningar,” segir Siggí.

Saga kynferðislegra ósgra minna og leitinn að tilvonandi fyrrverandi er undirtitill bókarinnar og segir Siggí það nokkuð lýsandi fyrir sjálfan sig. Ljóðin fjalla um ástandið, útrásarvíkingana, ógæfuna og fleira í þeim dúr. Áður hefur Siggí birt nokkur ljóðanna í Mosfellingi og hafa þau vakið verðskuldaða athygli. Bókin er öll í bundnu máli og vel passað upp á rím, stuðla og höfuðstafi.



Félagarnir Pétur Stefánsson og Sigurður Gústavsson.



Góðir gestir í útgáfuteiti Sigurðar sem haldið var í lðnó.

Siggí vill að lokum þakka Pétri Stefánssyni félag sínum fyrir hjálpinu auk allra þeirra sem keypt hafa tvær eða fleiri bækur af nýutkomnu ljóðabókinni. „Ljóðahefð Íslendinga má ekki deyta út,” segir ljóðskáldið að lokum.

er ég kom inn í heim þennan votur og vælandi vaknaði löðrandi í legvatni skælandi erfið var fæðingin, ógeðsleg bælandi í senn fannst mér heimurinn ljótur og fælandi



María og Beta hlustuðu ljóðaupplestur Siggá Gúst.



Sigurður, Gústav Stolzenwald og Steinunn Gústavsdóttir.

## Orð og athafnir í umhverfismálum

Í 11. tölublaði Mosfellings á þessu ári, sem kom út í september, er sagt frá því að Mosfellsbær og Landvernd skrifuðu nýlega undir nýjan samning vegna verkefnisins Vistvernd í verki. Mosfellsbær hafi verið með fyrstu sveitarfélögum á landinu til að endurnýja samning sinn við Landvernd og sé því í fararbroddi í sjálfbærri þróun. Í næsta blaði Mosfellings, 12. tölublaðinu, er fjallað um viðræður bæjaryfirvalda við fyrirtækið PrimaCare um að reisa einkasjúkrahús í Mosfellsbæ. Í greininni er haft eftir Haraldí Sværissyni bæjarstjóra að forsvarsmenn fyrirtækisins hafi hrifist af stefnu sem Mos-



fellsbær hafi markað sér í umhverfismálum. Fram kemur að Mosfellsbær hafi nýlega gefið út stefnu um hvernig bærinn skuli þróast á sjálfbæran og framsækinn hátt.

Það er galli á sýn sjálfstæðismanna á umhverfismálum að þeir telja mikilvægast að skrifa undir samninga og marka stefnu sem gefin er út í litprentuðum bæklingum og að þar með sé nóg að gert. Því miður virðist samstarfsaðili sjálfstæðismanna í núverandi meirihluta sáttur við að fylgja þessari stefnu. Samningar og markmið eru auðvitað mikilvæg til að ná árangri en slík plögg verða einiskis virði ef

ekkert er gert til að vinna samkvæmt þeim.

Í tíð meirihluta G-lista Samfylkingar/Vinstri grænna og Framsóknar var ákveðið að Mosfellsbær skyldi vinna að Staðardagskrá 21. Komið var á sérstöku embætti í þessum tilgangi, embætti staðardagskráfulltrúa. Gerð var framkvæmdaráætlun fyrir Staðardagskrá 21 árið 2000 og ári síðar fékk Mosfellsbær Staðardagskráverðlaunin fyrir það ár. Þegar sjálfstæðismenn tóku við stjórn bæjarfélagsins árið 2002 létu þeir það verða sitt fyrsta verk að leggja niður embætti staðardagskráfulltrúa. Það var látið heita svo að garðyrkjustjórinn sinnti verkefnum Staðardagskrá 21. Á síðasta ári var ráðið

í embætti umhverfisstjóra Mosfellsbæjar. Hann skal meðal annars hafa umsjón með Staðardagskrá 21.

Ný framkvæmdaáætlun fyrir Staðardagskrá 21 hefur ekki lítið dagsins ljós. Starf í tengslum við verkefnið Vistvernd í verki hefur verið lítið ef nokkurt undanfarin ár. Að standa sig vel í umhverfismálum felst ekki eingöngu í að marka stefnu á blaði. Það setur sveitarfélag ekki í fararbrodd í sjálfbærri þróun að skrifa undir samninga.

Orð hafa lítið gildi í þessu sambandi ef þeim er ekki fylgt eftir í verki.

Hanna Bjartmars Arnardóttir  
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar



Frá inntöku nýrra félaga á síðasta fundi Úu.

Lionsklúbburinn Úa undirbýr m.a. Vinkvennakvöld

## Vetrarstarfið hafið

Lionsklúbburinn Úa í Mosfellsbæ hefur hafið vetrarstarf sitt á ný og er áformað að hafa klúbbkvöldin bæði fræðandi og skemmtileg. Fastir fundir eru haldnir einu sinni í mánuði og síðan er einn óformlegur fundur seinni hluta mánaðar t.d. með göngu, heimsókn í listhúsi o.fl. skemmtilegum uppákomum.

Undirbúningur fyrir árlegt Vinkvennakvöld er langt kominn og lofar dagskráin góðu. Allur ágóði kvöldsins rennur í líknarsjóð Lkl. Úu.

Klúbbfélagar þakka öllum þeim konum sem fjölmenntu á síðasta Vinkvennakvöld og hvetja konur til að fjölmenna á það næsta sem fram fer 6. nóvember. Þema kvöldsins verður rauður litur. Miðapantanir eru hjá Svanhildi í síma 6920814 og Úlfhildi í síma 8965700. Á heimasíðu klúbbsins má finna allar nánari upplýsingar, [www.mmedia.is/kristh/lklua.htm](http://www.mmedia.is/kristh/lklua.htm)



Mikil stemning í Hlégarði á síðasta Vinkvennahkvöldi.



6. bekkur í fjöru- og fuglaskoðunarferð í Leirvog

## Myndlistarkennsla í fuglaskoðunarhúsi

Einn góðviðrisdag í september fór myndlistarhópurinn í 6. bekk Varmárskóla í fjöruferð og skoðaði nýtt og glæsilegt fuglaskoðunarhús við Leirvog. Krakkarnir fundu hreiður í fjörunni með leifum af eggjaskurn, veltu við steinum, fundu krabba o.fl. Eitt af verkefnum myndlistarkennslunnar í vetur er að fræðast um ýmsar fuglategundir og teikna eftir uppstoppuðum hrafini og fálka. Það var Bryndís Brynjarsdóttir myndmenntakennari sem leiddi hópinn um leirurnar. Líkt og listamenn gera var viðfangsefnið rannsakað vel og vandlega.



Það var því kærkomin viðbót að kíkja í fuglaskoðunarhúsið og skoða í máli og myndum þær fuglategundir sem þar eru og njóta útiverunnar um leið. Það sem gerir myndlistarkennslu lifandi og skemmtilega er samspil verklegra kunnáttu og þekkingu á því viðfangsefni sem tekið er fyrir hverju sinni.



## LÁGAFELLSLAUG Í MOSFELLSBÆ

### Heilsupjónusta

Í Lágafellslaug, sem er glæsileg sundlaug í Mosfellsbæ er 25 metra útisundlaug, innlaug með hæðarstillanlegum botni, heitir pottar, eimbað, sauna og rennibrautir. Í innlauginni er kennd vatnsleikfimi og sundnámskeið fyrir börn á leikskólaaldri. Stór íþróttasalur er í húsinu sem er vel nýttur meðan sundlaugin er opin. Einnig er líkamsræktarstöðin World Class með mjög öflugum og góða starfsemi í húsinu. Fjölbreytt heilsupjónusta er í boði í Lágafellslaug. Níu meðferðaraðilar eru þar starfandi. Þar á meðal eru

Sjá ennfremur: [www.mos.is/lagafellslaug](http://www.mos.is/lagafellslaug) | [www.big.is](http://www.big.is) | [www.hamingjulindin.is](http://www.hamingjulindin.is) | [www.homopatar.is](http://www.homopatar.is) | [www.craniosacral.is](http://www.craniosacral.is)

MOSFELLSBÆR

fjórir nuddarar, snyrtifræðingur, félagsráðgjafi, hömópati og tveir meðhöndlarar með höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð".

- Opið virka daga 6 - 21.30 og um helgar 8 - 19
- Ódýr afþreying fyrir fjölskylduna
- Innlaugin alltaf opin um helgar
- Leigjum út íþróttasal fyrir barna afmæli og aðstöðu fyrir veitingar





Skíðagöngumenn á árlegu hjólaskíðamóti þann 26. september á Blikastaðahringnum. Skíðagöngufélagið Ullur stóð fyrir mótinu en gengnir voru 10 km í slyddu og roki. Mosfellingar eiga einn landsliðsmann í skíðagöngu, Sævar Birgisson. Nú styttest væntanlega í að menn geti tekið fram sín hefðbundnu skíði.

## Auður þjóðarinnar í þágu heildarinnar

Langþráður draumur jafnaðarmanna, um hreinræktaða vinstristjórn, án aðkomu framsóknarmanna, hefur ræst. En sá langi tími sem leið, áður en jafnaðarmenn komust til valda varð þjóðinni dýr og nægði til þess að steypa þjóðinni út í núverandi hylðýpi. Það hylðýpi gróf helmingaskiptastjórn sjálfstæðis- og framsóknarmanna með græðgi, með því að skapa auðmagninu, auðmönnum og flokksgæðingum farveg til að hafa af öðrum.

Þessum kafla í sögu þjóðarinnar, má þjóðin aldrei gleyma og verður að muna, þegar hún gengur næst til kosninga, að það var stefna Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins, sem ýttu þjóðinni út í hylðýpið, sem jafnaðarmannastjórnin er að moka yfir í dag. Látum ekki sök þessara flokka fyrnast og gleymast. Látum ekki þessa flokka komast upp með að



yfirfæra sökina yfir á jafnaðarmenn, yfir á jafnaðarstefnuna, sem er boðberi þess að hagnýta eigi *auð þjóðarinnar í þágu heildarinnar, með réttlátri skiptingu*. Það mun jafnaðarmannastjórnin reyna eftir bestu getu, á sem réttlátastan hátt, ef eitthvað réttlæti finnst í þessu öllu.

Það verður hlutverk núverandi stjórnar að fjarlægja allt það illgresi, allar þær snikjuþlöntur, sem nærðust og fitnuðu í skjóli og á ábyrgð sjálfstæðis- og framsóknarmanna. Það sem ég óttast mest - það sem þjóðin á að óttast mest - er það að þegar jafnaðarmenn hafa náð að moka yfir hylðýpið komist aftur til valda helmingaskiptastjórnin sáluga og veki upp á ný útrásardraumana. Ég óttast að þá hverfi allt það sem áunnist hefur í endurreisn jafnaðarmanna, eftir þá blóðötku og fórnir

sem þjóðin hefur þurft að færa og ganga í gegnum. Ég óttast að jafnaðarmenn fái ekki að leiðrétta margra ára misrétti og ranglæti sjálfstæðis- og framsóknarmanna, „skemmdarverk“ þeirra á heilbrigðis- og velferðarkerfinu. Ég óttast að jafnaðarmenn fái ekki að úthýsa að fullu þeirri misskiptingu sem þessir flokkar skópu þjóðinni. Ég óttast líka að þjóðin gleymi í erfiðleikum sínum hverjir voru guðfeður útrásarmanna. Þess vegna megum við ekki gleyma andlitum þeirra sem báru höfuðábyrgð á efnahagshruninu. Það breytir engu um ábyrgð þessara flokka þótt þeir hafi yngt upp í forystu- og þingmannasveit sinni. Hin hefðbundnu tengsl við fortíðina eru enn til staðar og greipt í flokksímynd þeirra.

Sveitarstjórnarkosningar fara fram næsta vor. Aldrei hefur verið eins mikil þörf á að jafnaðarmenn beri gæfu til að standa saman. Jafn-

aðarstefnan er hugsjón um gott og réttlátt þjóðfélag, sem kristallast í merkingunni að gott getur ávallt orðið betra. Með þessu hugarfari eigum við að mæta til leiks í næstu bæjar- og sveitarstjórnakosningar. Við, Samfylkingarfólk, eigum að kalla á allt það góða fólk, sem geymir í brjósti sér jafnaðarhugsjónina, á fólk með víðtæka reynslu, sem vill, getur og hefur áhuga á að bjóða sig fram til næstu bæjarstjórnakosninga í nafni Samfylkingarinnar. Nú ríður á að kjósandinn fái að velja það fólk til setu í bæjarstjórn, sem hann treystir best til að framkvæma stefnu jafnaðarmanna.

Samfylkingarfólk í Mosfellsbæ, skráðir sem óskráðir, sameinumst nú í verki - byggjum upp nýtt, betra og réttlátara samfélag í anda jafnaðarstefnunnar. Það er stutt í næstu kosningar.

Jan Agnar Ingimundarson

## Jákvæða fréttin kom úr Mosfellsbæ

Það væri ofsögum sagt að jákvæðum fréttum hafi rignt yfir okkur Íslendinga undanfarnar vikur og mánuði, flestar fréttir hafa snúist um peningabætti, aukid atvinnuleysi og gjaldþrot, einstaklinga og fyrirtækja. Óhætt er að fullyrða, að ein jákvæðasta frétt, nú um mánaðaskeið, hafi borist héðan úr Mosfellsbæ í byrjun þessa mánaðar.

Flestum er eflaust kunnugt um, að skrifað var undir viljayfirlýsingu þess efnis að reist yrði hér í bæjarfélaginu einkarekið sjúkrahús, sem mun sérhæfa sig í mjaðma- og hnjáliðaaðgerðum, en milljónir manna um allan heim bíða eftir slíkum aðgerðum. Hér er um að ræða starfsemi sem kallar á, allt að 600 - 1000 störf.

Vart þarf að fjölyrða um hverslags áhrif slík starfsemi kemur til með að hafa á allt samfélag okkar Mosfellinga, nággrannasveitarfélög og í raun landið allt.

Ég vil sérstaklega nefna hér og hrósa bæjarstjóra Mosfellsbæjar, Harald Sværissyni og starfsfólki



Mosfellsbæjar, fyrir hreint óbílendi eljusemi og trú á sveitarfélagi okkar, sem átti á endanum stóran þátt í því að við hnepptum hnossið.

### Umhverfisstefna Mosfellsbæjar ræð úrslitum

Fram hefur komið hjá forsvarsmönnum fyrirtækisins, að það hafi verið umhverfisstefna Mosfellsbæjar sem hafi ráðið úrslitum um val á bæjarfélagi. Vert er að geta þess, að nokkur bæjarfélög komu til greina fyrir þessa viðamiklu starfsemi.

Undanfarin ár hefur mikil vinna verið lögð í stefnumótun Mosfellsbæjar og hafa umhverfismál m.a. vegið þar þungt. Við, Vinstri græn, í meirihluta bæjarstjórnar, höfum látið mikið til okkar taka á þeim vettvangi og hefur í raun ríkt mikill einhugur hjá bæjaryfirvöldum um að gera Mosfellsbæ að fyrsta flokks umhverfis-, útivistar-, heilsu- og fjölskyldubæ.

### Óvæginn gagnrýni

Það er umhugsunarvert í ljósi þessara stóru tíðinda og ákvörðun-

ar um val á sveitarfélagi hjá forsvarmönnum sjúkrahússins, sú óvægna gagnrýni sem meirihluti bæjarstjórnar hefur mátt sæta vegna umhverfisstefnu sinnar allt frá upphafi samstarfsins að loknum síðastliðnum sveitarstjórnakosningum.

Fyrst og síðast höfum við Vinstri græn fengið þá holskeflu yfir okkur frá minnihluta Samfylkingar og Framsóknarflokks í bæjarstjórn Mosfellsbæjar, reyndar einnig með nokkrum stuðningi félaga úr Varmársamtökunum. Frá þessum herbúðum hefur oft verið skrifað og sagt að öll umhverfismál væru í molum í Mosfellsbæ. Að mestu snerist gagnrýnin um vegafarmkvæmd fyrir ofan Álafossvos.

Vissulega vegur slík umræða ekki þungt þegar öllu er á botninn hvolft og því síður þegar í ljós kemur að stórfyrirtæki með umhverfisstefnu að leiðarljósi sér ástæðu til og sækist sérstaklega eftir því að hafa aðstöðu sína í bæjarfélaginu vegna vandaðrar heildarstefnu í umhverfismálum.

Nú eru þessar raddir flestar þagnaðar og stóru orðin sem féllu í ræðu og riti um slæma stefnu Mosfells-

bæjar í umhverfismálum með Vinstri græn í meirihluta eru í raun hjáróma.

### Stóru málin sem gera bæjarfélagið okkar eftirsóknarvert

Áherslur forystumanna Vinstri grænna, rétt eins og í öðrum flokkum, geta verið misjafnar. Við, Vinstri græn í Mosfellsbæ, vorum til að mynda aldrei í vafa um að samþykkja umrætt sjúkrahús í bæjarfélagið, þrátt fyrir efasemdir nokkurra félaga okkar úr forystunni.

Það er heildarhagur bæjarbúa og bæjarfélagsins alls sem ræður för í allri okkar ákvarðanatöku og mun gera áfram.

Fallegt miðbæjarskipulag, ævintýragarður, miðbæjartorg, falleg kirkja og menningarhús, fyrsta flokks íþrótt- og útivistastefna, gott og skemmtilegt bæjarlíf eru stóru málin.

Stóru málin sem gera bæjarfélagið okkar skemmtilegt og eftirsóknarvert fyrir alla.

Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.

# Traust staða Mosfellsbæjar - Vandasöm verkefni framundan

Mosfellsbær hefur á undanförunum árum ekki þurft að taka lán þótt sú staða sé nú breytt. Ástæðan er sú að hinn almenni rekstur sveitarfélagsins hefur skilað töluverðum fjármunum upp í fjárfestingar og óreglulegar tekjur á borð við sölu byggingarréttar hafa verið nokkrar. Þess vegna hefur tekist að fjármagna þá miklu uppbyggingu sem hér hefur verið undanfarið án skuldaaukningar og eiginfjárstaða sveitarfélagsins hefur styrkst jafnt og þétt.

Nú um stundir er hið fjárhagslega umhverfi með öðrum hætti. Tekjur sveitarfélaga fara ört lækkandi með auknu atvinnuleysi og minnkandi tekjumöguleikum fólks. Þetta kallar á aðgerðir sveitarfélaganna í komandi fjárhagsáætlunargerð og er Mosfellsbær þar ekki undanskilinn. Eins og fram hefur komið er fjárhagsstaða Mosfellsbæjar traust og er afar mikilvægt að hún verði það áfram. Það er í raun grunnforsenda fyrir því að hér sé hægt að halda áfram uppbyggingu í þágu íbúanna.

Þess vegna er nauðsynlegt að



haga hinum daglega rekstri þannig að hann standi undir sér svo að ekki þurfi að fjármagna hann með lántökum. Slíkt dregur úr möguleikum sveitarfélagsins til að afla lána á hagkvæmum kjörum fyrir nauðsynlegri uppbyggingu á komandi árum.

Ósækilegt er að sveitarfélag fjármagni daglegan rekstur með lántökum enda er það frestur á vandamáli og verið að leggja það á komandi kynslóðir að greiða niður rekstur dagsins í dag. Annað mál gildir um lántökur vegna fjárfestinga enda nýttast þær komandi kynslóðum.

## Hjól atvinnulífsins verða að snúast áfram

Þrátt fyrir efnahagslegar þrengingar í samfélaginu er nauðsynlegt fyrir efnahagslífið að ráðist sé í þær framkvæmdir sem unnt er. Þannig má halda uppi atvinnustigi og tryggja að hjól atvinnulífsins snúist áfram. Mosfellsbær hefur haft það að stefnu að halda áfram þeim framkvæmdum sem þegar eru hafnar og

ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir fáist viðunandi lánakjör til þess að fjármagna þær.

Mosfellsbær efndi nýverið til skuldbréfaútbóðs til lífeyrissjóða á verðtrygðum skuldbréfum. Boðnar voru út 1.000 milljónir króna á 5,0% vöxtum til tíu ára og seldust öll bréfin. Er þetta með bestu lánskjörum sem sveitarfélögum hefur boðist á árinu og um leið opinber viðurkenning á góðri fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Lánsféð verður nýtt til endurfjármögnunar skulda og til þess að ljúka þeim verkefnum sem eru í gangi vegna uppbyggingar í Krikkaskóla. Þar á meðal er bygging Krikkaskóla, sem tekinn verður í notkun snemma á næsta ári.

## Samstaða mikilvæg

Það er ljóst að Mosfellsbær stendur frammi fyrir því að þurfa að ná endum saman í sínum daglega rekstri. Það verður ekki gert nema að allir leggist á eitt og allar leiðir skoðaðar, svo sem lækkun kostnaðar og auknir tekjumöguleikar.

Sveitarfélag hér á höfuðborgar-

svæðinu hafa almennt lagt af stað með fjárhagsáætlanir sínar með það að markmiði að lækka kostnað um 4-12%. Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt ramma fyrir fjárhagsáætlun 2010. Þar er gert ráð fyrir 5% lækkun kostnaðar frá fjárhagsáætlun ársins í ár. Bæjarráð á svo eftir að taka afstöðu til breytinga á þjónustugjöldum og skatttekjum, það verður gert þegar fjárhagsáætlunin hefur tekið á sig skýrari mynd.

Samstaða er afar mikilvæg á tímum sem þessum og mun Mosfellsbær leitast við að fá fram hugmyndir bæjarbúa um hvernig nálgast megi verkefnið. Bæjarstjórn auðnaðist það sl. haust að vera samstíga og var fjárhagsáætlun lögð fram sameiginlega af öllum flokkum. Að því er einnig staðfastlega stefnt nú. Mikilvægt er að skilningur og sátt sé um þær aðferðir og aðgerðir sem nauðsynlegar eru á tímum sem þessum.

Mosfellsbær mun leggja sig fram um nú sem endranær að stöðja við íbúa og starfsmenn í samræmi við umsvif og getu sveitarfélagsins.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri

# Mér datt það nú bara svona í hug

## Langstærsta ákvörðunin í umhverfismálum?

Fyrir nokkru skrifaði vinur minn, Ólafur Gunnarsson formaður VG í Mosfellsbæ og fulltrúi þeirra í skipulagsnefnd, grein í Mosfelling um Ævintýragarðinn í Mosfellsbæ. Ég get verið sammála Ólafi um margt sem fram kom í greininni enda var þetta verkefni unnið í samvinnu allra flokka í bæjarstjórn og var ég t.d. með Ólafi í dómnefndinni.

Að þessi ákvörðun hafi verið „langstærsta ákvörðun sem tekin hefur verið í umhverfismálum í Mosfellsbæ“ er nú ófæmelt hjá Ólafi og er ég eiginlega viss um að hann kæmist að annarri niðurstöðu hugsu hann málið lengra aftur í tímann. Þær eru margar vörðurnar í umhverfismálum sem standa upp úr og hafa haft meiri áhrif hér í Mosfellsbæ í gegnum tíðina og tók Ólafur vinur minn þátt í undirbúningi og ákvarðanatöku um margar þeirra.

Það er þó ekkert undarlegt við það að Ólafur komist að þessari niðurstöðu því fátt annað jákvætt hefur gerst í umhverfismálum Mosfellsbæjar frá því að meirihluti sjálfstæðismanna tók við af vinstri mönnum árið 2002. Frekar hafa mönnum verið mislagðar hendur í þeim málaflokki á undanförunum árum.

## Grunnurinn lagður

Á tíma meirihluta vinstrianna í bæjarstjórn Mosfellsbæjar festi bærinn kaup á því svæði sem Ævintýragarðinum er nú ætlað að vera á sem þá voru opnar malargryfjur,



sem úr fauk yfir bænin í vondum veðrum, og þær græddar voru. Vegna þeirrar ákvörðunar var því slegið upp í Varmá, blaði sjálfstæðismanna á þeim tíma, og það með vanlættingartón, að bærinn væri að verja fjármunum til kaupa á urð og grjóti og þótti hin fánalegasta ákvörðun.

Áform höfðu verið um það hjá sjálfstæðismönnum að hluti þessa svæðis færi undir íbúðabyggingu. Í tíð vinstrianna voru þau áform tekin af aðalskipulagi og jafnframt gert umhverfisskipulag sem m.a. tók til Varmárinnar og umhverfis hennar og var umrætt svæði innan þeirra marka. Gerð sérstaks umhverfisskipulags var þá nýjung á sviði skipulagsmála.

Í öllum þeim ákvörðunum sem tilgreindar eru hér að ofan átti vinur minn Ólafur þátt í. Þær lögðu í raun m.a. grunninn að fjölskyldugarði á þessum stað og held ég að Ólafur komist að sömu niðurstöðu og ég um að þessar ákvarðanir hafi vegið þyngra í umhverfismálum í Mosfellsbæ en ákvörðun um fjölskyldugarðinn Ævintýragarð á þessum stað sem í raun er rökrétt framhald fyrri ákvarðana.

## Staðardagskrá 21

Ólafur getur líka verið afar stoltur yfir þátttöku sinni í stefnumörkun bæjarins í Staðardagskrá 21, markmið um sjálfbæra þróun, sem sett var í tíð meirihluta vinstrianna. Yfirmarkmið stefnuyfirlýsingarinnar voru eftirfarandi:

„Í Mosfellsbæ er sjálfbær þróun og hugmyndafræði Staðardagskrár 21 höfð að leiðarljósi í rekstri, þróun og uppbyggingu bæjarfélagsins og sterk umhvefsvitund mun móta stjórnýsly bæjarins. Stuðlað verður að þátttöku bæjarbúa með fræðslu, hvatningu og ráðgjöf. Markmiðið er að lífsgæði aukist með bættu umhverfi og að bæjarbúar taki virkan þátt í þróun bæjarins og verndun umhverfis hans.“

Á grundvelli stefnumörkunarinnar var síðan gerð framkvæmdaáætlun sem skyldi endurskoðast á hverju ári og mat lagt á árangur, gerðir voru samningar við Landvernd um verkefnið Vistvernd í verki og fékk Mosfellsbær á þessum tíma viðurkenningar fyrir starf sitt að umhverfismálum.

Verkefnið Staðardagskrá 21 var lagt til hliðar þegar sjálfstæðismenn komust til valda í Mosfellsbæ og ekki unnið markvisst að þeim málum síðan. Ýmsir þættir þeirrar vinnu sem unnin var á sínum tíma hafa þó náð að hafa sín áhrif.

Rétt er að fagna því að nú nýlega hefur rykið verið dustað af þessari vinnu með endurskoðun og nýrri útgáfu Staðardagskrár 21 í Mosfellsbæ en framkvæmdaáætlun hefur ekki enn verið gerð. Jafnframt hefur verið endurnýjaður samningur við Landvernd um verkefnið Vistvernd í verki sem þó hafði dregist að endurnýja um langan tíma. Það er von mín að haldið verði áfram á þessari braut svo Mosfellsbær komist aftur í fremstu röð sveitarfélaga á Íslandi því meira þarf til að Mosfellsbær verði aftur í fararbroddi í sjálfbærri þróun.

Svo ég beini orðum mínum beint til vinar míns Ólafs Gunnarssonar þá held ég Óli minn að þær vörður sem við áttum þátt í að hlaða á sínum tíma í umhverfismálum Mosfellsbæjar hafa verið til muna hærrí en þær sem hlaðnar hafa verið á undanförunum árum.

Jónas Sigurðsson  
bæjarfulltrúi Samfylkingar.

## MOSFELLINGUR

### Aðsendar greinar um bæjarmál í Mosfellsbæ

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið [mofsellingur@mofsellingur.is](mailto:mofsellingur@mofsellingur.is) og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfundi.

Mosfellingur kemur næst út föstudaginn 13. nóvember.

# BROT ÚR ALDARSÖGU AFTURELDINGAR

Nú fyrir jólin kemur út aldar-saga félagsins sem þeir Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson hafa ritað. Bókin verður ríku-lega myndskreytt og segir mikla og langa sögu sem er náteynd sögu sveitarfélagsins.

Mosfellingur fékk leyfi höfunda til að birta kafla úr bókinni og fyrir valinu varð frásögn af 50 ára afmæli UMFA árið 1959. Á afmælisdaginn var haldin mikil hátíð í Hlégarði þar sem fluttar voru 23 ræður!

Ræðuhöldin drógust svo á langinn að tveir ungmennafélagar, sem áttu að skemmta gestum með leik sínum, sofnuðu uppi á leiksviðinu á bakvið tjöldin. Þeir vöknudu við vondan draum, hófu leik sinn af fullum krafti og lifðu sig svo inn í hlutverkin að annar þeirra fór heim með glóðarauga.

Í apríl 1959 fagnaði Afturelding hálftrar aldar afmæli sínu og var þess minnst með ýmsum hætti. Myndarlegt afmælisrit var gefið út í 500 eintökum undir ritstjórn Ásbjarnar Sigurjónssonar á Álafossi, afmælimót í handknattleik var haldið á Hálógalandi, þar sem keppt var í svonefndri markskotakeppni í fyrsta skipti á Íslandi, og barnaskemmtun var haldin í Hlégarði hinn 12. apríl. Þar var leikfimisýning, kvikmyndasýning og sýndur leikþáttur.

Á afmælisdaginn var fluttur þáttur í Ríkisútvarpinu þar sem félagar úr UMFA greindu frá starfi og sögu félagsins. Aðalháttúðin var haldin í Hlégarði hinn 11. apríl og sóttu um 220 manns samkomuna. Ólafur Jóhannesson frá Svinhóli, sem starf-aði hjá Kaupfélagi Kjalarnesþings, ritaði greinargóða lýsingu á hófinu og sagði meðal annars: „Og nú var dagurinn runninn upp, með ákjós-anlegu vedri, sólríku og björtu; og vegir allir þurrir og greiðfærir. Auk fjölda glaðra og velbúinna heima-manna í Mosfellssveit, mættu nú einnig að Hlégarði allmargt burt-fluttra stofnenda Aftureldingar, svo og fjölmargir fulltrúar ýmsra ung-menna- og íþróttafélagasamtaka úr nærliggjandi byggðarlögum, frá Rvk, Hafnarfirði, Kópavogi og víðar að.“

Kl. 19.30 var stærri salurinn í Hlégarði þéttsetinn, er veizla mik- il hófst, en ungu stúlkurnar í sveit- inni gengu um beina. Hér skulu nú rakin helztu atriði afmælishófsins.



Veizlustjóri var Lárus Halldórsson skólastjóri. Form. U.M.F.A. Guðjón Hjartarson setti hófið með stuttu ávarpi. Bauð hann sérstaklega vel- komna forseta Í.S.Í. Ben. Waage, svo og ýmsa stofnendur Aftureldingar, sem nú væru mættir, og sumir komn- ir um langan veg.

Lárus tók nú við stjórn. Mælti hann fyrst nokkur ávarpsorð, en það síðan Hjalta Þórðarson Æsustöðum að stjórna almennum söng, með því að leika á píanóið. Varð Hjalti fús- lega við þeim óskum. Var fyrst sung- ið: „Eg vil elska mitt land.“ Að því búnu var súpa á borð borin, og var hún fyrsta stig átsins.

Þá flutti Guðmundur Þorláksson bóndi í Seljabrekku aðalræðuna, minni ungmennafélagsins. Var það hæfilega löng, ágæt ræða. Ræd- di m.a. um þegnskylduvinnuna og fánamálið, sem verið hefðu mikið á dagskrá ungmennafélaganna. Ann- ars kom Guðm. víða við, og sló oft á létta strengi; gat þess t.d. að ein- hvern tíma hefði verið rétt um inn- an UMFA að kaupa togara! Að lokum minnti ræðumaður á þá staðreynd, að ungmennafélagið væri gott félag, að Mosfellssveitin væri góð sveit, hvortveggja ætti rætur sínar að rekja til þess að fólk, sem hér byggi væri gott fólk. Að lokinni ræðu Guðmund- ar var sungið „Vormenn Íslands“. Þá var steikin með tilheyrandi fram bor- in.“

Meðal ræðumanna í afmælishóf- inu var Jörunn Halldórsdóttir frá



Hörður Ingólfsson og Janus Eiríksson bregða á leik fyrir utan Hlégarð á 50 ára afmælinu en þeir sýndu fimleika.

Leikritið Nóttin langa eftir Jóhannes Steinsson var æft í samvinnu við Skemmti- félag Álafoss og frumsýnt í Hlégarði 10. febrúar 1957. Rúrik Haraldsson var leik- stjóri og á myndinni sést hann leiðbeina leikurunum sem eru taldir frá vinstri: Reynir Guðjónsson Álafossi, Heiður Helgadóttir Álafossi, Ólafur Jóhannesson Lyngási, Þórdís Jóhannesdóttir Heiðarþæ í Þingvallasveit, Einar Kristjánsson Reykjadal, Arndís Jakobsdóttir Ullarnesi, Halla Aðalsteinsdóttir Hlíð, Sigurður Hreiðar Hreiðarsson Hulduhólum og Viggó Valdimarsson Hlégarði. Svíðsstjóri, leiktjaldasmíður og ljósameistari var Guðjón Hjartarson á Álafossi en Andrés Ólafsson á Laugabóli var hvíslari.

” Að lokum minnti ræðumaður á þá stað- reynd, að ungmennafélagið væri gott félag, að Mosfellssveitin væri góð sveit, hvor- tveggja ætti rætur sínar að rekja til þess að fólk- ið, sem hér byggi væri gott fólk. Að lokinni ræðu Guðmundar var sungið „Vormenn Íslands“. Þá var steikin með tilheyrandi fram borin.

Bringum í Mosfellsdal. „Hún gekk í U.M.F.A. á fyrsta degi þess, og hefur alltaf verið tryggur ungmennafélagi síðan. Hún sagði, með miklum hlý- hug frá stofnfundardeginum á pásk- unum 1909. Kom vel fram í máli hennar sá hugstæði hugsjónaeld- ur, sem braust um meðal svo mar- gra aldamótamanna, og varð víða til þess að gera beztu ungmennafé- lögin að þeim eldstólpum, sem lýs- tu svo mörgum fram á veg framfara og fegrunar, og ennþá loga, sem góð- ir vegvísar, öðrum til fararheilla. Að loknu erindi Jórunnar var sungið „Fósturlandsins Freyja“.

Aftureldingu bárust fjölmargar gjafir þetta kvöld. Hörður Ingólfsson frá Fitjakoti og Janus Eiríksson frá Óskoti við Hafravatn sýndu fimleika og loks var stignin dans. Alls voru fluttar 23 ræður og sýndur var leik- þátturinn Sambýlismenn eftir Einar Kristjánsson og Viggó Valdimarsson en þeir voru báðir virkir í leikstarf- semi félagsins á 6. áratugnum. Hál- fri öld síðar rifjaði Viggó upp þetta kvöld: „Já, ég man vel eftir þessum leikþætti, ég og Einar í Reykjadal

settum hann saman á einum eftir- miðdegi í fundarherbergi Aftureld- ingar í Hlégarði. Díska í Ullarnesi [Arndís Jakobsdóttir] lék með okk- ur í leikþættinum en við Einar átt- um að leika gamla karla á elliheim- ili eins og ég er orðinn núna. Það átti að skjóta þessum leikþætti inn á milli ræðuhaldanna, við Einar kom- um okkur fyrir í rúmunum á bakvið leiktjöldin og biðum átektu á nátt- fötunum. Svo voru haldnar margar ræður en okkur leiddist þær svo við sofnuðum bara! Við höfðum feng- ið Möggu Helgu [Margrétu Helgu Jó- hannesdóttur] til að vera hvíslara og skyndilega kom hún hlaupandi og sagði: „Strákar, vakniði þið eigið að fara að byrja.“

Þetta blessaðist nú allt vel hjá okkur Einari. Karlarnir, sem við lék- um, voru að rifja upp gamla tíma en byrjuðu svo að rifast og Einar átti að henda í mig hlandkoppi sem hann dró undan rúmi sínu. Hann hitti svo vel að ég fór heim með glóðarauga úr afmælishófinu og var með það lengi. Það var mikið hlegið að þessu í sveitinni á eftir.“

# SKIPTIFATAMARKAÐUR FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI

Skiptifatamarkaður verður haldinn í  
Sjálfböðamiðstöð Kjósarsýsludeildar  
Þverholti 7 alla þriðjudaga og fimmtudaga frá  
kl. 10-13 og annan hvorn þriðjudag kl. 17-19.

**Markaðurinn hefst þriðjudaginn 27. október  
kl. 10 og 17.**

Hvetjum foreldra til að koma með heilleg föt og skó sem  
börnin ykkar eru vaxin upp úr og skiptið yfir í önnur!

**Ókeypis fyrir alla – láttu sjá þig!**

Nánari upplýsingar í síma 898-6065  
og netfangi [kjos@redcross.is](mailto:kjos@redcross.is).

 **Rauði kross Íslands**  
Kjósarsýsludeild

Viltu missa 5 til 7 kg á 9 dögum?

**CLEAN 9 - DETOX**  
er auðveld leið  
til árangurs.



Hafðu samband við  
Gauja litla í síma: 660 8585

Skiptifata markaðurinn

**FOREVER** 

## Kenni bókhald og Excel!

**bókhald • ársreikningar • skattframtöl**

**Inga Jóna Óskarsdóttir**  
viðurkenndur bókarí



Bókhald og kennsla ehf

Grensásvegur 16, 108 Reykjavík, s. 691 0127

[www.bokhaldogkennsla.is](http://www.bokhaldogkennsla.is)  
[ingajona@internet.is](mailto:ingajona@internet.is)



# MOSFELLINGUR

**KEMUR NÆST ÚT 13. NÓV**  
SKILAFRESTUR EFNIS 9. NÓV



# COVER

SNYRTISTOFA VERSLUN

**OPUNARTÍMAR:**

Mán-Mið 10-18  
Fimmtudaga 10-20  
Föstudaga 10-19  
Laugardaga 11-16

Höfum opnað glæsilega snyrtistofu og verslun í **SPÖNGINNI**  
Bjódum upp á alla almenna snyrtingu, förðun og gelneglur ásamt því að selja leggings, tösukur, skart ofl.  
Erum með frábærar snyrtivörur frá **Gatineau** og **Golden Rose** á mjög góðu verði

**Frábær opnunartilboð til 31. okt !**

Litun og plökkun/vax á aðeins 2900 kr. • Lúxus fót snyrting á aðeins 5500 kr.

**SPÖNGINNI 23 - Sími: 586 8 586**

Við bjóðum upp á gjafakort sem eru tilvalin í afmælis- og/eða jólapakkann  
**Verið hjartanlega velcomin**



**GATINEAU**  
PARIS

Golden Rose®



Heilsuefling Mosfellsbæjar er starfrækt í Urðarholti 4 í Mosfellsbæ



Starfsfólk Heilsueflingar: Þorfinnur, Jens, Kristín, Karin, Sigríður, Hildur og Magnús. Á myndina vantar Elísabetu sem er í fæðingarorlofi.

# Heilsuefling - Alhliða sjúkráþjálfun

Í lok árs 2007 var Heilsuefling Mosfellsbæjar ehf. sett á laggirnar. Í fyrstu störfuðu þar Þorfinnur Andreassen sjúkráþjálfari og Elísabet Richt er sjúkranuddari. En seinni hluta árs 2008 komu til starfa Magnús H. Ólafsson, sjúkráþjálfari og íþróttakennari, og Karin Mattsson sjúkráþjálfari. Í ár bættust svo í hópinn sjúkráþjálfararnir Kristín Björg Jakobsdóttir og Jens Ingvarsson innfæddur Mosfellingur. Móttökuritarar eru Sigríður U. Sigurðardóttir og Hildur Bergþórsdóttir.

Heilsuefling er til húsa að Urðarholti 4, baka-til við hliðina á Pizzaldhúsinu, þar sem byggingarvöruslunin Bymos var áður starfrækt. Heilsuefling er vel tækjum búin og býður upp á alla almenna sjúkráþjálfun og sjúkranudd.

### Sjúkráþjálfarar á öllum sviðum

Styrkur Heilsueflingar býr í ólíkum áhuga-sviðum sjúkráþjálfaranna, Magnús er sérfræðingur í vinnuvistfræði og mjólbaksvandamálum, Karin hefur starfað mikið með ófrískar konur, eldra fólk og notar einnig nálastungur. Hún kennir einnig leikfimi fyrir eldri borgara á Hlaðhömrum. Jens er sjúkráþjálfari 1. deildarliðs Aftureldingar í knattspyrnu og sinnir flestum íþróttameiðslum. Kristín sinnir allri almennri sjúkráþjálfun. Þorfinnur og Elísabet sinna almennri sjúkráþjálfun og sjúkranuddi en einnig hefur Þorfinnur verið í rannsóknarvinnu við fjölpjódarannsókn á hálsþnykkjum sl. þrjú ár.

### Öflug þjónusta í heimabyggð

Hjá Heilsueflingu eru fánlegar teygjur, Back on Track hita-og stuðningshlífur, bókin um bak-íð og ýmislegt fleira varðandi sjúkráþjálfun sem gæti hjálpað.

Móttökur bæjarbúa hafa verið mjög góðar og er markmið Heilsueflingar að vera með öflugra þjónustu sem sinnir allri almennri sjúkráþjálfun í Mosfellsbæ þannig að bæjarbúar þurfi ekki að leita út fyrir bæinn sinn í leit að þjálfun.

Verið velkomin að fá frekari upplýsingar á staðnum eða í síma 5785080.



Þorfinnur í bekkpressuvél og Jens í fótaspýrnutæki.



Heilsuefling er til húsa í Urðarholti 4 í Mosfellsbæ.



Séð yfir tækjasaal og meðferðarrými en Heilsuefling býr yfir fjölda tækja og tóla sem nauðsynleg eru til sjúkráþjálfunar.

### » Hvað er sjúkráþjálfun?

Efling á líkamlegu atgervi og stuðlun að bættri líðan er eitt af meginmarkmiðum meðferðarinnar. Hlutverk sjúkráþjálfara er að greina, meta og bæta ójafnvægi í stoðkerfi líkamans.

» Dæmi um vandamál í stoðkerfi eru mjólbaks-, háls- og axlarvandamál sem geta stafað af slysum, sjúkdómum og/eða óæskilegu álagi á stoðkerfið.

» Ráðgjöf, forvarnir og heilsuefling er einnig mikilvægur þáttur í starfi sjúkráþjálfara

» Sjúkráþjálfarar vinna í nánú samstarfi við lækna og aðrar heilbrigðisstéttir og meðhöndla sjúklinga í samráði við lækna.

### » Hvað er sjúkranudd?

Sjúkranudd er ákveðið meðferðarform á mjúkvefjum líkamans. Mjúkvefir eru vöðvar, himnur, húð, sinar og sinafestur. Meðferðin getur gagnast þeim er eiga við stoðkerfis-vandamál að stríða.



## VIÐ TÖKUM ÞÁTT

### Aðkoma foreldra að skólastarfi

Miðvikudaginn 28. október kl: 20-21 verður fyrsta opna hús vetrarins á vegum Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar.

Að þessu sinni verður fjallað um tilgang og markmið skóla- og foreldraráða leik- og grunnskóla skv. lögum um leik- og grunnskóla

Foreldrar í Krikaskóla efna til samræðu við gesti um aðkomu foreldra að skólastarfi í Mosfellsbæ.

Fyrirlesturinn er haldinn í Listasal Mosfellsbæjar og er öllum opinn, aðgangur ókeypis.

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar  
[www.mos.is](http://www.mos.is)

### Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

## Fékkstu endurskoðun ?

Komdu með bílinn til okkar og við gerum hann klárann í skoðun



Bifreiðar & Tæki - Völuteig 11 - 270 Mosfellsbæ - 565 5333



## ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvégi 23

[WWW.ALAFOSS.IS](http://WWW.ALAFOSS.IS)

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.



## JARÐMÓTUN

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ S 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

### VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkomnustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20  
270 Mosfellsbæ  
Sími: 566 8200-566 8201  
Fax: 566 8202  
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

## ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,  
(sjá reglugerð á [www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur](http://www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur))

### 4. gr - Almenn um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.  
Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

## ÞJÓNUSTU-AUGLÝSING Í MOSFELLINGI

KR. 5.000 + vsk.\*

Rúmlega nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

\*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

## Heyrst hefur...



...að Vignir í Hlégarði sé fimmtugur í dag.

...að þorablaðsnefnd Aftureldingar sé tekin til starfa en blótið verður haldið að Varmá 23. janúar 2010.

...að Valdimar Leó hyggist bjóða sig fram til forystu Samfylkingarinnar í næstu kosningum.

...að um 80% fjölgun hafi verið í unglíngavinnunni í sumari frá því sem var í fyrra.

...að kyllingurinn Sigurpáll Geir Sveinsson sé búinn að yfirgefa Kjöl og farinn í Keili í hafnarfirði.

...að mikil veikindi séu í grunnskólum bæjarins. Í Lágafellsskóla hafi 140 krakkar verið veikir einn daginn.

...að John Travolta hafi ætlað á hestbak hjá Póra í Laxnesi. Leikarinn klikkaði hinsvegar á síðustu stundu.

...að Hafsteinn Máni sonur Hildar og Svans í Grillvagninum leiki Georg Bjarnfreðarson á sínum yngri árum í myndinni Bjarnfreðarson.

...að þungaviktarmennirnir Maggi Einars og fyrirlíðinn Albert séu hættir í fótboltanum með Aftureldingu.

...að rætt sé um það innan Samfylkingarinnar að halda prófkjör fyrir næstu kosningar.

...að um hálf milljón hafi safnast fyrir Aftureldingu á Kjarnamótinu í sumar og lofa UMFUS menn veglegri verðlaunum að ári.

...að bakarar úr Mosfellsbakarí hafi sigrað í kanilsnúðakeppni til styrktar Grensásdeild.

...að Hekla Daða sé farin að æfa handbolta með Aftureldingu.

...að Linda Pétursdóttir sé nýkjörin formaður nemendaráðs FMos.

...að hárgreiðslustofa opni á næstu vikum við hlið Krónunnar þar sem Hlín Blómahús var staðsett.

...að Steindi Jr. og Bobbinn fari á kostum í nýrri auglýsingaherferð fyrir Sjóvá.

...að brotist hafi verið inn á leikskólann Hlíð en engu stolið.

...að strákarnir í fótboltanum bóni bíla í Áhaldahúsinu á morgun.

...að þúsundasti vinur Mosfellsbæjar á Facebook sé bassafantur Gisli.

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Guðmundur Snorri Sigurðarson, 17 ára rappari

# Gummzter gefur út plötuna Erkiengill

Guðmundur Snorri eða Gummzter, eins og hann kallar sig í rappgeiranum, hefur gefið út sína fyrstu plötu en hún kom í verslanir í gær. Gummzter rappar 16 lög á plötunni og fæst hún í Skífunni, 12 tönnum og Smekkleysu en einnig er hægt að nálgast hana á tónlist.is. Gummzter fær með sér í lið nokkra mosfellska listamenn en textana semur hann alla sjálfur. Guðmundur er sonur tónlistarhjóanna Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur og Sigurðar Snorrasonar bæjarlistamanns Mosfellsbæjar. Það er fjölskyldufyrirtæki þeirra Musis sem gefur út plötuna.

## Ólíkar tónlistarstefnur

„Ég byrjaði á yngri árum í klassíkinni líkt og foreldrar mínir en fann fljótlega mína fjöl í rappinu“, segir Guðmundur Snorri. Rapptextar fela oft í sér ádeilu og ólíkar skoðanir.



„Mamma vildi reyndar fá einn texta burt af plötunni en þá tók pabbi í taumanna og leyfði enga ritskoðun“, segir Guðmundur og glottir en greinilegt er að foreldrar hans styðja hann og virða tónlist hans.

## Erkiengill í jólapakkann

„Ég hlustaði auðvitað mikið á rappara eins og Eminem og Rottweiler og má segja ég sé undir þeirra áhrifum.“ Hér í Mosó er ágætis gróska ungra rappara sem vert er að fylgjast með.

Það fylgir því hinsvegar kostnaður að gefa út heila plötu. „Ég væri ekki að gefa út þessa plötu ef ég hefði ekki fjárhagslegan stuðning frá Daníeli bróður mínum en hann hefur styrkt mig í þessari útgáfu.“

„Þetta er fjölbreytt plata og ég mæli að sjálf-sögðu með henni í jólapakkann“, segir þessi efnilegi rappari að lokum.

## FYRIR/EFTIR

Klipping: Katrín Sif Jónsdóttir  
Módel: Soffía Dröfn



Hárstofan  
**Sprey**  
Háholt 14  
S. 517 6677  
15% afslátt af klipp/lit með því skilyrði um breytingu er um að ræða

# Í eldhúsinu **HJÁ SIGRÚNU**

## Skúffukaka með frönsku súkkulaði

Uppskriftin að þessu sinni kemur frá Sigrúnu B. Magnúsdóttur.

Sigrún starfar sem snyrtifræðingur. „Þessa uppskrift fékk ég frá minni elskulegu tengdamömmu. Kakan er mjög góð í allar veislur, hvort sem er með kaffinu eða iskaldri mjólk.“

**Skúffukaka með frönsku súkkulaðikremi**

3 bollar hveiti.  
2 bollar sykur.  
2 tsk. lyftiduft.  
1 tsk. matarsódi.  
2 msk. kakó.  
2 dl. mjólk.  
1 dl. heitt vatn.  
1-2 egg.  
150 gr. smjör/smjörliki, brætt.  
Vanilludropar.

Öllum þurræfnum blandað saman fyrst og vökvanum bætt í eftirá.

### Krem:

150 gr. suðusúkkulaði  
75 gr. smjör  
2 msk. síróp  
Allt sett í pott og hitað saman



## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



**Ólöf Sæunn fæddist 3. júlí 2009 og vó 3070 grömm og var 50 cm að lengd. Hún var skírð í Lága-fellskirkju 20. sept. Foreldrar eru Valdimar Þórðarson og Guðbjörg Sæunn Friðriksdóttir til heimilis að Blikahöfða 5.**



## Gaman í fjöruferð

Þetta er mynd af Írisi Birnu og Evu Dís að njóta haustveðursins í fjörunni. Það má benda fólki á að göngutúr í fjörunni eða krabbaleit þar er frábær fjölskylduskemmtun sem flestir meðlimir fjölskyldunnar geta notið sín við. Það skal á það minnt fram að í fjörunni geta leynst pyttir, og aðrar hættur og börn ættu alls ekki að vera þar ein að leik.

## Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



## ÖKUKENNSLA

### AKSTURSMAT

**Guðrún Sigurfinnsdóttir**  
löggtur ökukennari frá KHÍ  
GSM: 699-8115  
[utadaka@hive.is](mailto:utadaka@hive.is)



FREKI EHF

## NÝSMÍÐI VIÐHALD ENDURBÆTUR

gsm. 8213899 netfang. [freki@internet.is](mailto:freki@internet.is)

# ISHAMAR

## Þarftu að breyta eða bæta, utandyra sem innan?

Tökum að okkur nýsmíði, sérsími, viðhaldsvinnu og endurbætur.

Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357  
s. 894-0006 (Gunnar) - [ishamar@ishamar.is](mailto:ishamar@ishamar.is)

zur präðlaust net kaldur af krana cr  
vottinn í beinni kaffi risaskjár samlok  
samlokur lasagne heitt súkkulaði



rebes pizzur kaffi risaskjár samloku  
sagne heitt súkkulaði boltinn í bein  
smlokur präðlaust net kaldur af kra

Kaffi- og veitingahús - Háholti 14 - S. 586 8040

## LEIGUM ÚT STÚDÍÓÍBÚÐIR



[www.hotellaxnes.is](http://www.hotellaxnes.is) - s. 566-8822

## Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

### Útvega öll jarðefni

## VÖRUBILL P.B.

Klapparhlíð 10  
Þorsteinn 822-7142



## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

## Steinteppi & epoxy gólfefni



STOFAN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTAÐURINN



SteinTeppi.is

Sími 864 6600

[www.steinteppi.is](http://www.steinteppi.is) | [steinteppi@steinteppi.is](mailto:steinteppi@steinteppi.is)

# SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvernig sparar þú í kreppunni?



**JÓNSI:**  
Ég spara ekki.



**KÁRI:** Ég þarf ekki að spara, ég er á námslánum.



**TINNA:**  
Ekkert



**KRISTJÁN:**  
Skrifa á mig í vinnunni.



**DANNI:**  
Drep hvali.



**ÓÐINN:**  
Með því að gera ekki neitt.



Stuð stuð stuð




Hólmarnir hressir



Dúdda hattur



Föngulegur Frikki



Spáð í IceSave



Systurnar úr Furunni



Birgir sér um sína



Linda Pé og Sandra Hlé



Stymmi og Stína

## HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Loftmynd



Give peace a chance



Fjórar fræknar



Heitasta parið í Towninu



Vel séðir



Stjáni Grín




Sæsi Mústass



Á bakvið Snæland



Brunaliðið



Toggi Túrbó

MOSFELLINGUR  
er á...  
facebook

WIPEOUT



**HALLGERÐUR (19) Í WIPEOUT  
MEÐ STÖÐ 2 TIL ARGENTÍNU**



Baldur í bobba



Kenneth Gústavsson



Robocop II



**ĀSLĀKUR**  
er opin

**BOLTINN  
Í BEINNI**

**TILBOÐ Á BARNUM**



# NÚ ER NÓG KOMIÐ!!!

Ég er búinn að fá mig fullsaddan af eynd og volæði. Ég hef fengið nóg af spilltum stjórnmálamönnum. Ég er kominn með upp í kok af gráðugum og siðblindum kaupsýslumönnum sem eru gjörsamlega búnir að drulla í brækurnar á landsmönnum. Það er satt, þeir eru búnir að drulla í hverja einustu brók og ekki nóg með það því að þeir eru búnir að drulla í allar bleyjur líka. Hvort sem þú ert ellibelgur eða bleyjubarn eru þessir gæjar búnir að drulla í bleyjuna þína ... og ætla sko ekki að skipta á þér.

Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að ég ætla að flýja land, ferðast yfir fjallið blátt og hafid himinhátt. Ég ætla í víking. Ég ætla í raun ekkert lengra en til DK, en í víking engu að síður. Ég ætla að leggja Danmörku undir mig, halda svo áfram í gegnum Þýskaland, niður eftir Frakklandi, og þegar ég er búinn að yfirtaka Spán þá fer ég ... nei vá, nú er ég farin að bulla. Ég ætla bara til DK. Ég ætla að fara í Árhús Idrættsskóla - Håndbold Akademi. Ég held að það verði sjúklega gaman. Æfa eins og psychopát, fullt af smukke danske piger, nóg af smørrebrød, feitt fleskesteg, úrvals remulade og majones í túpum, einn öl og allir lige glad.

Ég held að þetta geti ekki klikkað. Þetta er eitthvað sem flestir ættu að gera. Það er nefnilega svo sniðugt með þessa dönsku lýðháskóla, að það geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi, það eru trilljón skólar í Danmörku með allskyns akademíur. T.a.m. er hægt að fara í allar þessar helstu boltaíþróttir, svo er hægt að fara í siglingar, klifur, vetraríþróttir, vatnasport, hesta, dans og leiklist. Það er líka hægt að fara í ýmislegt óhefubundið eins og fallhlífastökk, lögreglu og herakademíu. Þetta er því líkt dæmi sko. Alveg því líkt. Mæli með þessu ... ég er allavegana farin.

Þá er það bara LEITER

Hilsen Trondur



## SMÁUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

### Íbúð óskast til leigu

Óska eftir 2 - 3 herbergja íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Reglusemi og skilvísium greiðslum heitið. Upplýsingar í s: 822-2460.

### Íbúð til leigu

Til leigu hlý og góð 47 fm2, 2 herbergja íbúð í Miðholti 3 á þriðju hæð, við Kjarnann fimm fm2 geymslupláss fylgir. Íbúðin er laus. Nánari upplýsingar veitir Laufey í s: 894-7024.

### Óska eftir íbúð

Óskum eftir íbúð til leigu í Mosó (helst í kringum Lágafellsskóla), erum þar með 2 börn og bráðvantar íbúð sem fyrst. s: 867 1742/869 2290.



### Týndur köttur

Þetta er kötturinn Liver. Hann býr á Asparteygi 5 og hefur ekki sést núna í meira en viku. Hann er eyrnamerktur. Þeir sem hafa séð til hans endilega hafið samband í síma: 586 8393.

Smáauglýsingar sendist á:  
[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

## VERUM VINIR

Mosfellingur er á Facebook



## facebook



Útgáfa fram að áramótum

13. nóvember  
4. desember  
18. desember

## Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



## ÖKUKENNSLA LÁRUSAR

GSM 694-7597 - AKAMOS@TALNET.IS

Kenni á bíl, bifhjóli eða skellinöðru!

Er með mótorkjólshermi, frábært fyrir byrjendur

Fáið tilboð, kenni allan daginn  
Annast einnig öku-  
mat og upprifjun  
fyrir eldri borgara

Lárus Wöhler  
löggtillit ökukennari

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

# VGH

MOSFELLSBÆ  
Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

## BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

VIÐ ERUM NÚ ORÐIN ÞJÓNUSTUADILI  
FYRIR ÚRVINNSLUSJÓÐ

Þú getur komið með bílinn til okkar og fengið skilgrein fyrir 15.000 króna úrvinnslugjaldi.

GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

## B. Markan ehf.

### Pípulagnir

660 6690

## Viltu betri heilsu?

Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir  
Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ  
Sími: 869 9913  
[betriheilsa.is/ragga](http://betriheilsa.is/ragga), [raggasj@gmail.com](mailto:raggasj@gmail.com)



S. 55 44444  
Pverholti 2  
Kjarna

# MOSFELLINGUR

GK  
Snyrtistofa

Kjarna  
Pverholti 2  
Sími: 534 3424



## RÉTTIR Á REYKJUM

Árlegar Reykjaréttir fóru fram um síðustu helgi og jafnframt var haldið upp á 10 afmæli réttarinnar. Réttirnar er haldnar árlega í minningu Ragnars Björnssonar en hann hefði orðið sextugur í ár. Ragnar var drifkrafturinn að baki byggingar réttarinnar á sínum tíma. Á myndinni má sjá syni Ragnars, þá Jón Davíð, Björn Inga með son sinn Ragnar Inga og Jóhann Óskar.

Mynd/Hilmár

Rétt hjá  
**JOA**

Réttingar og sprautur

Flugumýri 16d  
s. 577-1377 / 896-9497

## TILBOÐ



EIN NÝ DVD +  
TVÆR GAMLAR  
= 450 KR

**BÓNUSVÍDEÓ**



### Bugðutangi

Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rólegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnh og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verðnd og fallegur garður. Hagstætt verð. Skipti á ódýrari eign koma til greina.



### Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór-býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus fljótlega. Hagstætt verð.



### Krókabyggð

Glæsilegt 220 fm. parhús á tveimur hæðum á góðum stað í Mosó. Flottar innréttingar og gott skipulag. Glæsilegur garður með garðhúsi og góð aðkoma að húsi. Hagstætt verð.



### Rauðamýri

**Hagstæð áhvilandi lán** Falleg 143 fm endaríbúð á 1.hæð með sér inngangi og staði í lokaðri bílageymslu. Stór vernd með skjólveggjum. Þrjú svefnh. Íbúðin er öll hin vandaðasta með góðum innréttingum, tækjum og gólfefnum.



### Brekktangi m/aukaíbúð

Vel staðsett 288 fm tveggja hæða endaraðhús auk kjallarara með sér íbúð. Góður garður sem snýr í suðvestur. Laust fljótlega. Seljandi getur lánað allt að 85% af kaupverði á góðum vöxtum. Hagstætt verð.



Þjónusta við  
Mosfellinga í 20 ár

Pétur Pétursson  
lökkiltur  
fasteignasali  
897-0047

**588 55 30**



### Tröllateigur

Mjög fallegt 185 fm. raðhús við Tröllateig. 4 góð svefnherbergi, flottar innréttingar. Stór sólpallur með heitum potti. Gott skipulag.



### Tröllateigur

Glæsileg 4. herb. 101 fm. íbúð á 2. hæð í vönduðu litlu fjölbýli við Tröllateig í Mosfellsbæ. Sér inngangur. Björt stofa. Vandaðar innréttingar. Flott umhverfi í rólegu hverfi. Skipti á stærri eign í Mosó, helst í Holtunum.



### Lágholt

Mjög flott og vel staðsett 200 fm. einbýli á pöllum með arni og góðum innréttingum. 4 góð svefnherbergi, sólpallur og rúmgott eldhús. Vel innréttað hús.



### Stórikriki

Glæsilegt 265 fm. einbýli á einni hæð við Stórikrika. Flott skipulag. Stór stofa og eldhús. Glæsilegt baðherbergi. Eign fyrir vandláta.